Lítið fór þó fyrir framhaldinu þar til seint í haust að kvisaðist að regnbogasilungur í tugatali hefði veiðst í ám umhverfis landið í sumar. Slíkt eldi fer nú fram á Vest- og Austfjörðum en engar tilkynningar höfðu borist frá viðkomandi fyrirtækjum um að fiskur hefði sloppið. Þá var sem margir vöknudu af værum svefni. Skrif og fréttir fóru að birtast um hættur á þessari vegferð. Eldismenn hafa brugðist við og sagst vilja rannsaka mál til hins ýtrasta. Ekkert virðist þó eiga að slá af ferðinni varðandi uppbygginguna heldur halda á fullu inn í skafinn.

Ætlum við ekkert að læra af reynslu annarra þjóða? Í Alaska er

Aflétting hafta ný tækifæri opnast

Morgunfundur í Arion banka, Borgartúni 19, miðvikudaginn 19. október

Stórt skref er stigið í átt að afléttingu fjármagnshafta með heimild til einstaklinga og fyrirtækja til fjárfestingar erlendis. Starfsfólk Arion banka og Stefnis hefur lagt metnað sinn í að viðhalda sérþekkingu á erlendum mörkuðum. Erlendir sjóðir í stýringu Stefnis eiga sér samfellda rekstrarsögu frá því fyrir síðustu aldamót. Á fundinum fara sérfræðingar okkar yfir þau tækifæri sem felast í lagabreytingunni.

Dagskrá

- Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri setur fundinn
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, ávarpar fundinn
- Skref í átt að losun fjármagnshafta
Farið verður yfir helstu atriði laganna, efnahagsleg áhrif af losun fjármagnshafta og hvaða tækifæri opnast fyrir heimili og fyrirtæki.
Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í Greiningardeild
- Loksins loksins ...
Erlendir sjóðir geta loks tekið við nýjum innlendum viðskiptavinum.
Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis
- Ávöxtun eða áhættudreifing
Hvaða aðferðir er hægt að nota til þess að auka vægi erlendra eigna í eignasöfnum?
Marínó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta

Fundarstjóri: Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdarstjóri Eignastýringarsviðs

Fundurinn hefst kl. 8.30 og lýkur fyrir kl. 10.
Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.15.

Skráning á arionbanki.is – allir velkomnir

 Arion banki
– fyrir framtíðina

**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003

 Hjálparstarf
kirkjunnar

Ef þú bara þorir, Bjarni Benediktsson



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar erfða-
greiningar

Bjarni, þér var boðið að setjast á móti mér í beinni útsendingu á Stöð 2 og ræða við mig um heilbrigðismál. Svarið var að slíkt kæmi ekki til greina. Hvernig skyldi standa á því að formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins hafni slíku tækifæri rétt fyrir kosningar? Þetta er einkar atþyglisvert fyrir þær sakir að ég stóð fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings heilbrigðiskerfinu sem 86.500 manns tóku þátt í og má því líta á mig sem nokkurs konar málsvara þessa stóra hóps í þeim málaflokki sem virðist ætla að verða aðalkosningamálið í ár. Hvað skyldi hræða þig, hæstvortur fjármálaráðherra, að því marki að þú sért reiðubúinn til þess að láta alþjóð horfa á þig flýja af hólmi með exelskjalið milli fótanna? Ekki veit ég svarið við því og að öllum líkindum ekki þú heldur, vegna þess að við mannsepnurnar erum oftar en ekki ómeðvitaðar um hvað það er sem skelfir okkur. Við erum bara svona stundum, ósköp hrædd og lítil innan í okkur. Ég væri hins vegar ekki hissa á því að svoltill hluti ástæðunnar ætti rætur sínar í minningunni um það hvernig myndavélarnar rifu í tætlur félaga þinn og fóstbróður úr ríkisstjórninni, hann Sigmundur Davíð, þegar hann settist niður fyrir framan þær með slæma samvisku. Ekki finnst mér líklegt að samviska þín þegar að heilbrigðismálum vikur, sé betri en Sigmundur var í Panamahneykslinu. Kannski er þig farið að gruna að þinn tími sé kominn og lá þér hver sem vill. En hér eru nokkur atriði

sem gætu meira að segja leyft þér að halda því fram að þú hafir ekki verið hræddur heldur hafi það verið skynsamlegt af þér að forðast að mæta mér í sjónvarpssal:

1. Þú sagðir í viðtölum við Morgunblaðið og í Sprengisandi í sumar að þú ætlaðir að sjá til þess að heilbrigðiskerfið yrði endurreist og betur hlúð að velferðarkerfinu almennt. Þú lést meira að segja hafa eftir þér að þú litir svo á að það væri fyrst og fremst hlutverk ríkisins að sjá um þá sem minna mega sín. Hinir gætu séð um sig sjálfir. Síðar sendirðu frá þér fimm ára áætlun um ríkisfjármál sem ber þess lítil merki að þú hafir meint það sem þú sagðir. Þetta er kannski svipað því og þegar þú sagðir margsinis á sínum tíma að þú ætlaðir ekki að greiða atkvæði með seinna IceSave-frumvarpinu, en gerðir það samt að endingu. Þessi tvö, ásamt mýmörgum öðrum dæmum, gera það að verkum að fólk í kringum þig er farið að gefa í skyn að þér sé skringilega tamt að tjá skynsamlegar skoðanir sem þú farir ekki eftir; það sé gjarnan lítið að marka það sem þú segir.

2. Íslendingar eru upp til hópa á þeirri skoðun að heilbrigðiskerfi landsins sé í rusli og þarfnist endurreisnar. 86.500 þeirra skrifuðu undir kröfu um að það yrði gert með því að verja 11 prósent af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála. Sjálfstæðisflokkurinn undir þinni stjórn sendi hins vegar frá sér myndefni um daginn þar sem hann nefndi endurreisn heilbrigðiskerfisins sem eitt af afrekum ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. Það er því ekki bara svo að þið sýnið þess engin merki í fimm ára áætluninni að þið mynduð taka á vanda heilbrigðiskerfisins ef þið yrðuð kosnir til áframhaldandi valda, þið viðurkennið ekki að hann sé fyrir hendi.

3. Sjúklingar á Íslandi greiða beint úr sínum vasa 18 prósent af



Sjálfstæðisflokkurinn hefur oft tekið þá áhættu sem felst í því að hlúa að þeim sem minna mega sín í íslensku samfélagi. Þú ert að koma í veg fyrir að hann geri það núna og á þann hátt ertu að skemma fyrir flokknum. Dragðu lærdóm af örlögum Sigmundar Davíðs og segðu af þér áður en þér verður hent út á eyrunum.

kostnaði við heilbrigðisþjónustu landsins. Afleiðingin af því er meðal annars sú að þeir sem minna mega sín hafa ekki efni á því að leysa út lyf í lok mánaðar og verða að fresta lífsnauðsynlegum aðgerðum. Þú hefur endurtekið margsinis í fjölmiðlum að þú litir svo á að það sé ekki ásættanlegt að aðgangur fólksins í landinu að heilbrigðiskerfinu markist af efnahag þess. Fimm ára áætlun ríkisfjármála bendir ekki til að það standi til að breyta greiðsluþátttökunni svo um muni og það er meira að segja á ferli uppkast að þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni um heildarskipulag heilbrigðismála, þar sem gert er ráð fyrir að á næstu fimm árum verði greiðsluþátttökan minnkuð úr 18 prósentum í 15 prósent? Enn einu sinni segirðu eitt og virðist ætla að framkvæma eitthvað allt annað (eða ekkert).

4. Þegar við sátum saman í sumar og ræddum heilbrigðiskerfið frá hinum ýmsu hliðum fannst mér lítið sem ekkert bera á milli skoð-

ana okkar um hvað væru æskileg og jafnvel nauðsynleg markmið. Það reyndist hins vegar erfitt að fá þig til þess að tjá þig um það hvernig og hvenær þú ætlaðir að ná þessum markmiðum. Þegar ég hvatti þig til þess að afnema greiðsluþátttökuna fyrir kosningar brástu við með því að segja að þú gætir ekki ráðist í slíka aðgerð án þess að skilja til hlítar afleiðingar hennar. Í þessum viðbrögðum þínum endurspeglast munurinn á þér og meiri hluta fólksins í landinu. Meiri hluti fólksins í landinu lítur svo á að það verði að afnema greiðsluþátttökuna strax án tillits til afleiðinga, vegna þess að hún sé brot á þeim sjálfsgöðu mannréttindum sem jafn aðgangur að heilbrigðisþjónustu sé án tillits til efnahags. Það er svo sjálfstætt umhugsunarefni að þú gerir kröfu um hlítarskilning í þessu máli. Í fyrsta lagi er ljóst að í þessu máli ertu næmari fyrir kröfum skrifinna ráðuneytisins um að þær breytingar sem þú framkvæmir falli að reiknilikönnum þeirra heldur en fyrir kröfum fólksins um réttlátan aðgang að heilbrigðiskerfinu. Í öðru lagi er ólíklegt að það sé hægt að sækja djúpan skilning á afleiðingum afnáms greiðsluþátttökunnar vegna þess að það eru einfaldlega of margar óþekktar stærðir í jöfnunni. Það er því líklegt að þegar þú krefst hlítarskilnings á afleiðingunum, áður en ráðist verði í framkvæmdir, sértu raunverulega að segja að þú ætlir ekki að gera neitt. Ég er hins vegar ekki viss um að þú gerir þér grein fyrir þessu sjálfur.

5. Það er vel þess virði að velja því fyrir sér hvar og hvernig menn taka áhættu. Þú ert greinilega áhættufelinn í stjórnmálum, sem ráðherra. Þú vilt ekki taka þá áhættu sem felst í því að setja meira fé í heilbrigðiskerfið og afnema greiðsluþátttökuna. Þú ert hins vegar greinilega

ekki áhættufelinn í viðskiptum eins og reynslan sýnir. Þú ert heldur ekki áhættufelinn þar sem stjórnmál og viðskipti skarast, sérstaklega ekki þegar um er að ræða viðskipti fjölskyldu þinnar. Þú ert meira að segja reiðubúinn til þess að taka pólitíska áhættu til þess að alls konar viðskipti geti átt sér stað, sem í augum fólksins líta út fyrir að vera vafasöm og endurspegla spillingu. Nú er ég alls ekki að segja að þú sért spilltur eða hafir gert eitthvað af þér. Ég er helst á því að svo sé ekki. Það lítur bara þannig út, sem er ekki gott. Reynslan sýnir að menn taka mesta áhættu á þeim sviðum þar sem þeim líður best. Það er alveg ljóst Bjarni að þér líður betur í viðskiptum en í stjórnmálum, nema þegar þér tekst að blanda viðskiptum saman við stjórnmál þannig að erfitt sé að skilja á milli. Bjarni, þú ert göður maður og skýr og skemmtilegur og kannst að baka afmælisökku, en þú ert fyrst og fremst bisnismaður á röngum stað.

Því hvet ég þig Bjarni til þess að segja af þér ráðherraembætti og formennsku í Sjálfstæðisflokknum og snúa þér að því sem þér er eiginlegt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur oft tekið þá áhættu sem felst í því að hlúa að þeim sem minna mega sín í íslensku samfélagi. Þú ert að koma í veg fyrir að hann geri það núna og á þann hátt ertu að skemma fyrir flokknum. Dragðu lærdóm af örlögum Sigmundar Davíðs og segðu af þér áður en þér verður hent út á eyrunum.

Annar möguleiki væri að þú settist fyrir framan mig í sjónvarpssal í beinni útsendingu og sýndir mér og þjóðinni allri fram á að ég hafi rangt fyrir mér, ef þú bara þorir Bjarni Benediktsson. Og ef þér finnst orð mín ósanngjörn, ekki gleyma því að réttlætið sigrar alltaf að lokum eins og sést best á því að Bob Dylan var veittur Nóbélinn í bókmenntum um daginn.

Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafriðunarsjóði
fyrir árið 2017

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2016. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra húsa og mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingarfléifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2016. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafni og á Húsvendrarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Krónan er vandinn, Evrópa er lausnin



Oddný G. Harðardóttir
formaður Sam-
fylkingarinnar

Þetta verður ákvörðun sem varðar ungt fólk og framtíð þess. Því er nauðsynlegt að upplýsingar um Evrópumál verði ungu fólki aðgengilegar. Opnun Evrópustofu er stórt lýðræðislegt skref. Lýðræðið þrífst jú ekki án upplýsinga. Ég vænti þess að Evrópustofa stuðli að upplýstri og góðri umræðu um þessi mikilvægu mál."

Ég fór með stutta tölu við opnun Evrópustofu árið 2012 og var þá enn vongóð um að aðildarviðræður við Evrópusambandið myndu skila okkur samningi sem þjóðin gæti kosið um. Þá var ég fjármálaráðherra og von mín sú að ungt fólk á Íslandi myndi sannfærast um, eftir að hafa kynnt sér málið, að framtíðin felur í sér meira samstarf Íslands á alþjóðavísu og stöðugra umhverfi fyrir sífellt flóknara atvinnulíf. Það eru nefnilega gríðarlegir hagsmunir undir. Við höfum siglt ólugguð vegna krónunnar, sem leiðir okkur upp í hæstu hæðir og aftur niður í öldudali. Þetta hefur ekki bara áhrif á rekstur fyrirtækja, heldur líka rekstur heimila sem þurfa að bera kostnaðinn af himinháum vöxtum og verðtryggingu. Ef

Ísland gengi í Evrópusambandið og tæki upp evru, myndu vextir lækka, verðtrygging verða úrelt og óþörf. Allt varðar þetta almannahag og framtíð fólks og atvinnulífsins hér á landi.

Það hefur verið reiknað út að með lægri vöxtum sparist um 100 milljarðar króna vegna húsnæðislána, og að ríkið sparadi sér 45 milljarða og fyrirtækin í landinu 65 milljarða. Það er alveg auðsæð að við gætum nýtt þá 200 milljarða í ýmislegt annað og þarfara en vexti. Hingað til hefur enginn kynnt betri eða öruggari leið til að koma á stöðugleika en að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna.

Við eigum að klára samningana við Evrópusambandið því í þeim felast tækifærin fyrir framtíðina og komandi kynslóðir.

NÝTT OG BETRA APP

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

FRÉTTABLAÐIÐ



BROTTFARARSPJALD ✈️

Fyrir þig og vin þinn – ef þú vinnur
100.000 Vildarpunkta Icelandair

XXX	FLUG: OL326		 NO. 0000000000000000
FRÁ: OLÍS TIL: ÚTLANDA	HLIÐ: 4		

TAKTU ÞÁTT Í MYNDAGETRAUN Á OLÍS.IS

Taktu þátt í laufléttu myndagetraun á olis.is og þú gætir verið á leiðinni til útlanda með vini fyrir Vildarpunkta Icelandair. **Tíu heppnir** þátttakendur geta unnið allt að **100.000 Vildarpunkta**. Nýjar spurningar reglulega og því oftár sem þú svarar, því meiri vinningsmöguleikar.



vinur við veginn





Listaverkauppboð VG

Í IÐNÓ í dag 15. október.

Húsið opnar kl. 13 og
uppboðið hefst kl. 14.

Uppboðsskrá liggur frammi.

Uppboðshaldari er Birna Þórðardóttir.
Sérlegur eftirlitsmaður: Úlfar Þormóðsson.

Listaverk eftir:

Tryggva Ólafsson	Árna Ingólfsson
Huldu Vilhjálmisdóttir	Steingrím E. Kristmundsson
Harald Jónsson	Hlyn Hallsson
Gísla B. Björnsson	Unnar Örn J. Auðarson
Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttir	Gunnhildi Þórðardóttir
Guðjón Sigvaldason	Sigurð Örlygsson
Sigurð Guðmundsson	Loga Bjarnason

Tryggðu þér listaverk og styrktu málstaðinn!



Og við hvað vinnur þú svo á daginn?



Tryggvi M. Baldvinsson
tónskáld og
deildarforseti
tónlistardeildar
LHÍ



Sú sérfræðipækning sem felst í háskólamenntun í tónlist nýtist því ekki einvörðungu til að undirbúa afbrigðis tónlistarflytjendur og listamenn heldur tengist hún einnig atvinnulífinu sterkari böndum en margan grunar.

Ég rakst á ofanritað á lista yfir þær spurningar sem tónlistarflytjendur eru hvað þreyttastir á að svara. Ástæðan fyrir meintu óþoli tónlistarfólks á spurningunni er að hún felur í sér þá fordóma að starf listamannsins sé ekki launuð vinna, heldur áhugamál sem hægt sé að stunda meðfram „alvöru“ vinnu. Ef maður rýnir betur í þessa gildis- hlöðnu spurningu er þó tiltölulega auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu að hún eigi fullan rétt á sér. Það eru nefnilega tiltölulega fáir einstaklingar sem hafa tónlistarflutning að aðalstarfi sínu. Það er hins vegar svo að starfsvettvangur tónlistarfólks er miklu stærri en aðeins að flytja tónlist á opinberum vettvangi. Þannig að þó píanistinn á veitingahúsinu, eða söngkonan á kammertónleikumum hafi e.t.v. ekki tónlistarflutning að aðalstarfi eru yfirgnæfandi líkur á að þau séu í „alvöru“ vinnu innan tónlistargeirans. Þannig felur áður nefnd spurning, ef litið er fram hjá fordómunum, fyrst og fremst í sér vanþekkingu á starfsvettvangi tónlistarfólks í nútíma samfélagi.

Tónlistarkennarar eru stærsta starfsstétt tónlistarfólks hér á landi, en tónlistarskólakerfið er ein mikilvægasta uppspretta íslensks tónlistarlífs. Tónlistarkennarar innan almenna skólakerfisins eru ekki síður mikilvæg starfsstétt. Kirkjan er einnig stór vinnustaður tónlistarfólks, bæði við hefðbundnar kirkjuathafnir og ekki síður í almennu safnaðar- og barnastarfi.

Viðfeðmur starfsvettvangur
Þar fyrir utan starfar tónlistarfólk við útvarp, sjónvarp, blöð og

tímarit, kvikmyndagerð, á auglýsingastofum, í leikhúsum, við tölvuleikjagerð, hljóðupptökur, hugbúnaðargerð, í heilbrigðisgeiranum, samfélagsþjónustu og stýrir tónlistarstarfi áhugafólks svo fátt eitt sé nefnt. Þegar við þennan stóra hóp bættist vinnustaður á borð við Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem margir af fremstu hljóðfæraleikurum þjóðarinnar starfa má ljóst vera að starfsvettvangur tónlistarinnar á Íslandi er afar víðfeðmur.

Tónlistardeild LHÍ hefur allt frá stofnun kappkostað að undirbúa nemendur sína fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Deildin hefur nú útskrifað tæplega 260 tónlistarmenn sem flestir hafa fundið sér starfsvettvang á sviði tónlistarinnar og á flestum, ef ekki öllum, þeim sviðum sem talin voru upp hér að ofan. Sú sérfræðipækning sem felst í háskólamenntun í tónlist nýtist því ekki einvörðungu til að undirbúa afbrigðis tónlistarflytjendur og listamenn heldur tengist hún einnig atvinnulífinu sterkari böndum en margan grunar. Þannig á tónlistarmenntun sinn þátt í að gera íslenskt samfélag sterkara, fjölbreyttara og mannlegra.

Það er mikilvægt að kjósendur kynni sér stefnu stjórnmalaflokka í mennta- og menningarmálum í aðdraganda komandi kosninga, því að stefnan í þeim málaflokkum hefur hvað mest áhrif á framtíð okkar sem sjálfstæðrar þjóðar.

Menntun er forsenda bættra lífsskjara



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
forstöðumaður
mennta- og
mannauðsmála
Samtaka
iðnaðarins

samningi og bóklegu námi á áætluðum tíma með því að hafa samning við meistara. Stuðla ætti að því að framhaldsskólar fái úthlutað því fjármagni sem þarf til að halda úti námi í iðn-, verk- og tæknigreinum. Við verðum að auka hlutfall grunnskólanemenda sem velja slíka menntun og vinna markvisst að því að það nám verði metið til jafns við bóknað.

Menntun er undirstaða framþróunar og þekking er forsenda aukinnar framleiðni, velferðar og verðmætasköpunar. Atvinnurekendur vilja axla ábyrgð þegar kemur að menntamálum. Tryggja þarf að fyrirsjáanlegri þróun og þörf atvinnulífsins sé mætt í menntakerfinu með aukinni áherslu á iðn-, verk- og tækninám á öllum skólastigum enda er nýliðun í ýmsum greinum nú þegar orðin áhyggjuefni og gæti orðið enn meira vandamál í framtíðinni ef ekki er brugðist við.

Mikil eftirspurn er eftir starfsmönnum sem hafa ýmskonar iðnmenntun og því er ljóst að auka þarf áherslu á menntun í iðn-, verk- og tæknigreinum til að mæta þörfum atvinnulífsins. Á sama tíma er mikilvægt að kerfislægur vandi í íslensku menntakerfi sé leiðréttur enda má hann ekki verða hindrun þegar námsleiðir eru valdar. Tryggja þarf skýrar leiðir til náms á háskólastigi að loknu iðnnámi, t.d. í gegnum fagháskólanám. Einnig þarf að tryggja að nemendur sem hefja nám í iðngreinum geti lokið

Um leið og unnið er að því að efla grunnenntun í iðn-, verk- og tæknigreinum er brýnt að huga vel að því með hvaða hætti má fjölga þeim sem velja raunvísindi og tæknigreinar á háskólastigi. Það takmarkar framleiðslugetu margra fyrirtækja að þau búa við skort á fagmenntuðu og sérhæfðu starfsfólki á öllum skólastigum. Það er mikilvægt að setja í forgang vinnu við að undirbyggja tækifæri til aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar með því að efla menntun sem mætir fyrirsjáanlegri þróun í atvinnulífinu.


Við viljum að menntastefna sé í takt við atvinnustefnu þar sem greindar eru framtíðarþarfir atvinnulífsins og samfélagsins fyrir hæfni og þekkingu fólks. Það kallar á virkt samstarf við ráðuneyti menntamála, allra skólastiga og annarra hagsmunaaðila í menntamálum. Það er hagur okkar allra að menntamálin fái veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar því öflugt menntakerfi er fjárfesting til framtíðar.

NÝJAR OG SPENNANDI!



**ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 14:00**
Í VERSLUN OKKAR
AUSTURSTRÆTI


Núna
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-



Þættir af séra Þórarinum og fleirum
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 5.999.-



Fyrir allra augum
VILDARVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.499.-



3.


Metsölulisti
Eymundsson

Bókin um Baltimore fjölskylduna
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




**NÝ
ÚTGÁFA!**

Stóra bókin um villibráð
VILDARVERÐ: 7.999.-
Verð: 9.999.-



Prettán tímar
VILDARVERÐ: 3.119.-
Verð: 3.899.-



2.

Metsölulisti
Eymundsson

Hjónin við hliðina
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




**VILDARVERÐ:
4.999.-**

Verð:
6.299.-

Hestvík



Langbylgja
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 5.999.-



Ljósín á Dettifossi
VILDARVERÐ: 5.699.-
Verð: 6.999.-



13 dagar
VILDARVERÐ: 5.999.-
Verð: 6.999.-



1.

Metsölulisti
Eymundsson

Peir sem fara og þeir sem fara hvergi
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboða og vildarverða er 14. október, til og með 17. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Kolbrún Þöll Þorradóttir er bæði Íslands- og Norðurlandameistari í hópímleikum og í dag gæti hún bætt Evrópumeistaratitlinum við á EM í hópímleikum í Slóveníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN ANNA SVANSDÓTTIR

Nýja stjarnan með ofurstökkin

Kolbrún Þöll Þorradóttir er ein bjartasta vonin í íslenskum fimleikum. Þessi 16 ára Garðbæingur er sú yngsta í íslenska kvennaliðinu sem ætlar sér að vinna til gullverðlauna á EM í hópímleikum í dag. Hún heillaðist af íslensku Evrópumeisturunum þegar hún var lítil.

Ingví Þór Sæmundsson
Skrifar frá Maribor



HÓPFIMLEIKAR Kolbrún Þöll Þorradóttir, sem verður 17 ára í desember, skaut upp á stjörnuhimininn á EM á Íslandi fyrir tveimur árum. Hún var fyrirliði stúlknaliðsins sem endaði í 3. sæti og var svo valin í 12 manna úrvalslið mótsins, sú eina úr unglingsaflokki. „Það var svolítið stór sigur fyrir mig því við vorum með nýtt og mjög ungt stúlknalið og stóðum okkur rosalega vel. Við lentum í 3. sæti og svo var hápunkturinn fyrir mig að vera valin í stjórnuliðið, það var mikill heiður.“ sagði Kolbrún Þöll í samtali við blaðamann Fréttablaðsins á hótelinu sem íslenska liðið dvelst á í slóvensku borginni Maribor þar sem EM fer nú fram.

Fyrstu prufur í desember

Kolbrún Þöll hefur verið nokkuð áberandi frá EM 2014; verið í lykilstuverki í sterku liði Stjórnunnar sem er bæði Íslands- og Norðurlandameistari og auglýst vörur fyrir fyrirtæki á borð við Under Armour, Subway og NOW. Í sumar var hún svo valin í kvennalandsliðið, þrátt fyrir að vera enn í unglingsaflokki.

„Við fórum í prufur í desember. Ég fór fyrst í unglingsprufurnar og var svo færð yfir í fullorðinsflokk í niðurskurðinum. Síðasti niðurskurðurinn var núna í ágúst og þá vissi ég að ég yrði í þessum 14 manna hópi,“ sagði Kolbrún Þöll. Hún segir að það hafi verið mikill heiður að vera valin í kvennaliðið sem hefur verið flaggskip íslenskra fimleika undanfarin ár.

Fyrst allra kvenna

Kolbrún Þöll sýndi mögnuð tilþrif í undankeppninni á fimmtudaginn þegar hún framkvæmdi stökk á trampólíni sem ekki hafa sést áður. Í annari umferðinni bauð hún upp á sannkallað ofurstökk, tvöfalt heljarstökk með þremur og hálfri skrófu. Í þriðju umferðinni framkvæmdi hún annað ofurstökk, yfirlag með þremur og hálfri skrófu af hesti.

„Stóra stökkid [í annari umferðinni] hefur engin kona framkvæmt áður. Ég gerði það einu sinni á Íslandi í vor til að undirbúa mig fyrir þetta mót,“ sagði Kolbrún Þöll sem ætlar að framkvæma stökkin enn betur í úrslitunum í dag og negla lendingarnar.


„Þetta gekk mjög vel en lendingin klickaði aðeins þegar ég fór sundur með fætturna. Ég náði ekki að klára og fór með hnén í dýnuna. En ég hef oft gert þetta og það hefur gengið mjög vel. Ég þarf bara að spenna mig aðeins betur og vera einbeittari.“

En hvernig dettur henni í hug að reyna svona stökk, sem storka náttúruögmálunum?

„Ég var búin að keppa lengi með tvær og hálfu skrófu og langaði að bæta við það og gera meira. Það er skemmtilegra að gera eitthvað nýtt. Það er allt í lagi að taka þetta einu skrefi lengra,“ segir Kolbrún Þöll eins og ekkert sé eðlilegra.



Íslenska stúlknalandsliðið varð Evrópumeistari í gær. Stelpurnar fengu 55,283 í heildareinkunn eða 1,833 meira en Danir sem fengu silfríð.



Blandað lið Íslands í unglingsaflokki tryggði sér brons í gær með frábærum dansi en ekkert lið fékk hærri einkunn fyrir áhald. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN ANNA SVANSDÓTTIR

Um helgina

Það helsta á Sportinu
L11.20 Chelsea - Leicester Sport
L13.50 Formúla 1: Timataka Sport
L14.10 Barca - Deportivo Sport2
L16.20 Palace - West Ham Sport HD
L16.25 Bremen - Leverk. Sport3
L16.25 A. Villa - Wolves Sport2
L18.40 Real Betis - Real M. Sport
L21.00 Safeway Open Golfstöðin
L14.00 KR - Fylkir Sport
S12.20 Boro - Watford Sport
S14.50 So'ton - Burnley Sport
S20.25 Seattle - Atlanta Sport
S21.00 Safeway Open Golfstöðin

Frumkýningar leikja í enska

L16.10 Man. City - Burnley Sport4
L18.00 WBA - Tottenham Sport4
L18.30 Stoke - Sunderland Sport2
L18.30 Bournem. - Hull Sport3

Olís-deild karla:

L16.00 Fram - Akureyri Framhús
S16.00 ÍBV - Valur Eyjar

Olís-deild kvenna:

L13.30 Fram - Grótta Framhús
L14.00 Selfoss - Fylkir Selfoss
L15.00 Stjarnan - ÍBV TM-höllin
L16.00 Haukar - Valur Schenkerh.

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

Þór Þ. - Keflavík 74-71

Stigahæstir: Tobin Carberry 30 (7 frá., 5 stoðs.), Ólafur Helgi Jónsson 11, Davíð Arnar Ágústsson 8, Maciej Baginski 8 - Amin Stevens 22 (12 frá.), Magnús Már Traustason 13, Hörður Axel Vilhjálmsson 12, Guðmundur Jónsson 12. Bæði lið eru 1-1.

Þegar ég var lítil horfði ég á þessar stelpur og var bara: Ó mæ god! Þær voru mínar stjórnur. Það er æðislegt að vera með þeim í liði.

Kolbrún Þöll Þorradóttir

„Þetta er ákveðinn heiður því ég gæti verið í yngra liðinu en var send upp.“

Stefna á gullið

Íslenska kvennaliðið hefur verið í fremstu röð í hópímleikum síðasta áratuginn og á síðustu fimm Evrópumótum hefur Ísland unnið tvenn gullverðlaun og þrenn silfurverðlaun. Kolbrún Þöll segist hafa litid upp til stelpnanna í kvennaliðinu þegar hún var yngri.

„Þegar ég var lítil horfði ég á þessar stelpur og var bara: Ó mæ god! Þær voru mínar stjórnur. Það er æðislegt að vera með þeim í liði, svona draumaliði á þessu móti og á þessum tíma,“ sagði Kolbrún en í kvennaliðinu í dag eru nokkrar sem tóku þátt í að vinna til gullverðlauna á EM 2010 og 2012.

Ísland endaði í 2. sæti á heimavelli fyrir tveimur árum og stelpurnar ætla ekki að láta það koma fyrir aftur. Þær þyrstir í gullið og sendu skýr skilaboð með því vera efstar í undankeppninni á fimmtudaginn.

„Við stefnum á það og fyrst við gátum þetta í gær [í fyrradag] með svona mörgum mistökum, þá held ég að þetta smelli á morgun [í dag]. Við erum að reyna að endurheimta titil sem okkur langar allar svo mikið í,“ sagði Kolbrún Þöll að lokum.

GLASSÚR OG GÆSAHÚÐ

NYIR HRINGIR DAGLEGA



—
6 HRINGIR
ADEINS
1.750
KR.

Hrekkjavökuhringirnir eru komnir á kaffihús Dunkin' Donuts.
Gómsætir og glænýir alla morgna. Kíktu í kaffi ... ef þú þorir.



Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar





Kristín Haraldsdóttir, Jóhann Ragnarsson, María Rós Gústafsdóttir, Kolbeinn Logi Ægisson, Eir Andradóttir og Teitur Ari Theódórsson, læknanemar og bangsalæknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bangsalæknar taka til starfa í dag

Bangspítalinn verður opinn í dag á Barnaspítala Hringins og veikir bangsar fá aðhlyningu læknanema á fyrsta ári. Dagurinn er meðal annars haldinn til þess að fyrirbyggja hræðslu hjá börnum við lækna og spítala.

» GOTT ER AÐ RÆÐA FYRIRFRAM VIÐ BARNIÐ UM ÞAÐ HVERNIG BANGSINN ER VEIKUR (HVORT HANN SÉ T.D. MEÐ HÁLSBÓLGU, MAGAPEST EÐA BROTTINN FÓT).

Börn geta innritað veika bangsa sína á Bangspítalann í dag. Bangspítalinn verður opinn á milli 11.00 og 15.00 á Barnaspítala Hringins. Öllum börnum, ásamt foreldrum eða forráðamönnum, er boðið að koma í heimsókn á spítalann með veika eða slasaða bangsa.

Á spítalanum taka fyrsta árs læknanemar á móti barninu og bangsanum og þar fer fram viðtal og skoðun. Bangsinn er læknaður eftir því sem tók eru á, settar á hann umbúðir, plástrað, saumað og allt það sem læknanemunum dettur í hug að geti komið honum aftur til heilsu.

Það er Lýðheilsufélag læknanema sem starfrækir Bangspítalann og dagurinn er haldinn í tilefni alþjóðlega bangsadagsins sem er seinna í mánuðinum.

Tilgangur verkefnisins er tví-

þættur: Annars vegar að fyrirbyggja hræðslu hjá börnum við lækna, heilbrigðisstarfsfólk og spítalaumhverfið og hins vegar að gefa læknanemum á yngri árum tækifæri til að afa samskipti við börn.

Í leikherbergi á Barnaspítalanum eru læknanemar að undirbúa sig undir störf á Bangspítalanum þegar blaðamaður ber að garði. Þau eru sammála um að bangsa-aðhlyningin sé verðugt verkefni og góð æfing í því að tala við börn. Þau sækja kynningu síðar um daginn þar sem þau fá ráð um það hvernig er best að tala við börn um sjúkdóma og líðan. „Þetta er verkefni sem skiptir máli í náminu, við fáum tilsögn og fræðslu um hvernig við eigum að eiga í samskiptum við börn,“ segir Teitur Ari Theódórsson læknanemi og einn verðandi bangsalækna, spenntur fyrir störfum.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Til leigu í Glæsibæ Stórt verslunar- eða þjónusturými í kjallara

Vandað verslunarrými miðsvæðis í Reykjavík. Aðgengi að versluninni er mjög gott. Rýmið skiptist í 1.196 m² verslun auk 431 m² lager- og starfsmannastöðu sem er inn af versluninni. Góð vöruaðkoma er að húsnæðinu. Rýmið getur nýst sem verslunarhúsnæði eða fyrir ýmiskonar þjónustu. Í Glæsibæ er húsvörsluþjónusta, þar er fjölbreytt flóra verslana, veitingastaða og ýmis þjónustustarfsemi.



TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



„Mér finnst gott að eiga tíma og gera bara það sem mig langar. Er alveg sama hvort fólk segi að ég sé gömul eða ekki gömul,“ segir Sigga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Var sagt að ég gæti **ekkert** lært

Sigríður Halldórsdóttir frá Gljúfrasteini hefur lifað litríku lífi, allt frá því hún tók fyrstu skrefin til þessa dags. Frásagnargáfan er henni í blóð borin og það skilar sér í nýrri bók með minningum hennar sem Vigdís Grímsdóttir hefur skræð af list. *Elsku Drauma mín* er titill bókarinnar, hann er vísun í gælunafn sem faðir hennar gaf henni.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Talaðu endilega við hana Siggu. Hún er yndisleg manneskja og það er hennar líf og minningabrot sem bókinn fjallar um. Ég er bara skrásetjari og hef lokið mínu hlutverki,“ segir Vigdís Grímsdóttir rithöfundur þegar ég hringi í hana norður á Strandir til að spyrja út í nýjustu bók hennar, *Elsku Drauma mín*. Bókinn fjallar um Sigríði Halldórsdóttur frá Gljúfrasteini, oftast kallaða Siggu, sem er með eitt af fyrstu eintökunum glóðvolgt úr prentvélinni þegar ég kem heim til hennar á Bergstaðastrætið. „Mér líður eins og ég sé að koma af fæðingardeildinni en karlinn verði á sjónum til mánaðamóta – því Vigdís verður að kenna í Árneshreppnum fram til 1. nóvember,“ segir hún hlæjandi.

Sigga kveðst aldrei hafa ætlað að verða aðalpersóna í bók. „Hann

Jóhann Páll í JPV spurði mig hvort ég vildi ekki skrifa bók um líf mitt – ég hélt nú ekki. Þá fékk hann Auði Jónsdóttur, dóttur mína, í lið með sér, bauð okkur á Kaffi París og þau pressuðu á mig bæði. Hann nefndi höfundu sem gætu skrifað bókina en ég hafði mótbáru á reiðum höndum. „Ekki aldeilis, þetta er gamall kærasti,“ – eða – „ertu frá frá þér, ég vann með þessum.“ Þá stakk hann upp á Vigdís Gríms. Við Vigdís höfðum aldrei hist. Ég var slæg og hugsaði með sjálfri mér: Sú held ég nenni því, vissi að hún var þá að gefa út *Disubók*. Þau Auður fara beint í tölvurnar og skrifa henni og Vigdís svarar um hæl. „Til er ég.“ Þá varð ekki aftur snúið, ég féll á eigin bragði.“

Í febrúar 2014 fór Sigga norður á Strandir til fundar við Vigdís og þær hófust handa. „Ég var í Norðurfirðinum í þrjár vikur, það var yndislegur tími. Vigdís byrjaði strax að taka mig upp á band og hamra á tölvuna. Við unnum fyrri part dags, svo gerðum við eitthvað sneddi seinni partinn, elduðum, horfðum

á sjónvarpið og kjöftuðum.“

Framhaldið var tekið í skorpum að sögn Siggú. „Eitt sumarið vorum við hálfan mánuð í rithöfundakofa á Eyrarbakka og það rigndi upp á hvern einasta dag. Svo var legið á línunni þegar þær væru hvor á sínu landshorni. „Í fyrravor afhenti ég Vigdís mörg bréf og nokkra kafla sem ég hafði skrifað sjálf, það rennur allt saman hjá okkur í bókinni. Vigdís framreiðir efnið eins og það á að vera,“ lýsir Sigga og bætir við: „Þessi bók hefði aldrei orðið til ef ég hefði verið að gaufast í henni ein. Aldrei. Fólk verður að kunna til verka sem rithöfundar alveg eins og verkfræðingar.“

Langaði þig aldrei að verða rithöfundur? „Nei, ég held mig hafi skort skáldaefni. Er sennilega of raunsa, jarðbundin og hrædd við að fara á svif. Hafði samt gaman af að skrifa og var svolítið í blaðamennsku og greinaskrifum á tímabili, fyrst á Helgarpóstinum, skrifaði í tímarit hjá Herdís Þorgeirs og sjónvarpskrítik bæði í *Mogga* og *DV*. En þegar allt varð tölvuvert sat ég

eftir eins og aumingi, svo vélhrædd. Það hefur lagast. Hún hefur hjálpað mér ansi mikið í því hún Vigdís. Ég á orðið iPad sem dóttir mín gaf mér í jólagjöf og er voða lukkuleg með hann.“

Þó þetta sé fyrsta bókinn um Siggu sem hún er með í að móta hefur henni áður brugðið fyrir í skrifum Auðar dóttur hennar og eru lýsingar af lífni hennar þar sumar ansi svæsnar, einkum í bókinni *Ósjálf-rátt*. Hún kveðst hlæja mikið að þeirri bók og þykja hún skemmtileg. „Ég var ekkert móðguð. Það sem mér þótti verst var að það voru að koma til mín eldri konur sem sögðu alveg grafalvarlegar: „Ekki vissi ég að þetta hefði verið svona hjá þér, elskan mín.“ Svo það voru aðrir sem tóku efnið nær sér en ég. En ég lét bókina hennar Auðar eiginlega duga um drykkju- og hjónabandsvandamál mín. Þó ég komi inn á þau í minni bók er það á lágstemmdari nótum. Ég get samt upplýst í þessu viðtali að ég er ekkert hætt að drekka en fylleriin heyrta til liðinni tíð,“ segir Sigga kankvís.

Ekki þarf að fjölyrða um snilli Halldórs Kiljan, föður Siggú, á ritvellingum. Hitt vita kannski færri að Auður móðir hennar var vel textafær líka að sögn dótturinnar. „Mamma átti til að skrifa góðar greinar. Þær voru bundnar hennar áhugamáli, handiðum, sem hún var lærð í. Hún var í ritstjórn blaðsins Hugur og hönd og líka Melkorku. En hafi hana einhvern tímann langað að skrifa sögu held ég hún hefði aldrei komist til þess, því það var annar maður á heimilinu sem skrifaði sögur og hún var honum algerlega ómissandi ritari.“

Hvernig var að alast upp hjá skáldi sem allt snerist um? „Það kemur allt fram í bókinni. Við Guðný systir mín, Duna, vorum eins og hverjir aðrir krakkar, völsuðum um dalinn, áttum þar marga vini og vorum heimalningar á bæjum í kring. Mér finnst forréttindi að hafa fengið að alast upp í sveit. Kannski var erfðast fyrir okkur stelpurnar að heimilið okkar var líkast sendiráði. Þar var alltaf opinber móttaka, sérstaklega á sumrin, og við vorum

Panasonic

Snjallari vernd fyrir heimilið þitt og sumarhús

Áhyggjulaus brottför, örugg heimkoma – allan sólarhringinn. Með Panasonic SmartHome heimavarnarkerfinu skilur þú heimilið eftir í öruggum höndum, því þú tekur það með þér í snjallsímanum. Engin mánaðargjöld og endalausir möguleikar á að bæta við kerfið.



Við kerfið er hægt að tengja snjall rafmagnstengi, þráðlaust lykklaborð, innisírenu, inni- og útimyndavélar, fjarstýringu, segul- vatns- og rúðubrotsskynjara.



SMART HOME

Smart Home Grunnpakki

Heimastöð, hreyfiskynjari og segulskynjari fyrir glugga og dyr.

VERÐ **29.995**



SMART HOME

Smart Home Myndavélapakki

Heimastöð, SmartPlug rafmagnstengi, innimyndavél og tveir segulskynjarar fyrir glugga og dyr.

VERÐ **59.995**

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Panasonic



Á skemmtistað í útlöndum með Jóni Gunnari.



Með dótturinni Auði.

ekki gamlar þegar við vorum farnar að ganga í þjónustuverk í sambandi við það stúss.

En pabbi var elskulegur faðir og skemmtilegur á heimili þó það væri undirlagt af hans vinnu og hann léti þjóna sér. Maður fékk aldrei beinar skammir frá honum en oft leiðbeiningar sem komu að góðum notum seinna. Svo var alltaf hægt að leita til hans – oft betra en til kvenleggsins. Hann gerði engan greinarmun á unglingsi og fullorðnum, var alltaf eins.

Sigga segir þær systurnar hafa verið vinkonur þegar þær nenntu en flogist á þegar þær höfðu ekkert betra að gera. „Við vorum ógurlega mikið saman og kunnum hvor aðra utan að. En við vorum ekkert með slöngulokka og hældumst í hendur. Ónei.“ Skyldu þær ekki hafa sótt í sollinn í bænum þegar þær komust á unglingsár?

„Jú, jú. Við fórum báðar í gaggó í Reykjavík, ég var sett í Kvennaskólanann og svo Duna greyið í kjölfarið. Ég veit ekki hvers konar uppátæki það var. Ég var nú rekin. Það var fint. Mér var sagt að ég gæti ekkert lært – sem ég gerði heldur ekki. Þá fór ég í Vonarstrætisskólann og þar féll ég á landsprófi en í gamla skólánum mínum uppi í Mosfellssveit náði ég því, þar átti ég dálítið góðan tíma. Svo komu menntaskólaárin í

MH. Þar var verið í sukki og það var líka hægt í Mosfellssveitinni. Ég var brokkgengur unglingsur.“

Eftir stúdent? „Ég var nú orðin ólétt þegar ég kláraði stúdentsprófið en fór tvo vetur í Háskóla Íslands í nám sem var eins algerlega ópraktískt og hugsast gat, heim-speki, bókmenntir og frönsku. Þú getur rétt ímyndað þér hvort ég kláraði það. Þá var Auður litla fædd og við Jón Gunnar Ottósson, faðir hennar, fórum til Englands, hann í skordýrafræði en ég í teikningu. Ég hafði alltaf gaman af að teikna.“

Í Bretlandi eignaðist Sigga aðra dóttur, Rannveigu, en gafst svo upp á að vera í Bretlandi, langaði heim í dalinn sinn enda höfðu þau Jón Gunnar verið búin að byggja hús þar – Húsasmíðjuhús, eins og hún kallar það. „Ari Klængur, sonur okkar, fæddist 1980 en við foreldrarinn skildum skömmu síðar. Svo bjó ég með Þjóðverja í nokkur ár og á með honum yngstu dótturina sem heitir Halldóra Helena, kölluð Dóra Lena og er fædd 1990. Við bjuggum saman hér á Bergstaðastrætunni í mörg ár en nú er hún flogin úr hreiðrinu eins og eldri börnin.“

Mikil konubók

Ég tek eftir að í bókinni Elsku Drauma mín er frásögnin ekki línu-laga heldur er farið aftur og fram í



Með pabba á Þingvöllum.



MÉR FINNST GOTT AÐ EIGA TÍMA OG GERA BARA ÞAÐ SEM MIG LANGAR. ER ALVEG SAMA HVORT FÓLK SEGI AÐ ÉG SÉ GÖMUL EÐA EKKI GÖMUL.

tíma. „Það er hugmynd Vigðisar og ég var strax sátt við hana,“ segir Sigga og heldur áfram: „Ég vona bara að fólk finnst bókina skemmtileg. Hún er mikil konubók, fjallar eiginlega um allar þær konur sem komu inn í líf mitt frá því að ég fæddist og þá ábyrgð og vinnu sem á konur var lögd. Meðal annars hana mömmu. Pabbi minn gat ekki náð sér í mjólkurbolla inn í ísskáp. Hún sá um allt í sambandi við heimilið, viðgerðir og rekstur. „Ég skrifa, hér eru peningarnir,“ sagði hann.“

Við systur ólumst upp í því andrúmslofti að konur gætu allt. Systir mín gekk með vasahnif, veiddi fisk og gerði allan fjáran strax sem lítil stelpa. Ég hef líka vaðið í ólíkustu störf um ævina, kennslu, umönnun, matráðsstörf, þýðingar, kvikmyndagerð, hitt og þetta.“

En í bókinni lýsir Sigga kyrralífni sem hún kveðst lifa nú. „Mér finnst gott að eiga tíma og gera bara það sem mig langar. Er alveg sama hvort fólk segi að ég sé gömul eða ekki gömul. Ég vil ekkert vera að pressa mig í að segja að 65 og ½ sé enginn aldur. Það er aldur og ég hef ekki heilsu til að taka á mig líkamlegt erfiði lengur. Þó ég sé ekki dugleg að passa þá hef ég ógurlega gaman af því að fylgjast með barnabörnunum mínum. Þau eru fimm, ég segi oft sex, því sonur minn hefur alið upp stjúpdóttur sem er tólf ára. Ég á sem betur fer tvær dótturdætur hér í Reykjavík, Auður er með sinn son í Berlín og Ari með stelpurnar í Svíþjóð en ég reyni að fara til þeirra þegar ég mögulega get og leggjast upp á þau. Er nýkomin núna frá Auði.“

Þú hefur fengið sól, þú ert svo brún, segi ég. „Já, það er nú bara meikið úr þýska apótekinu!“

Gripið niður í bókinni hér og þar ...

Ég er tólf ára og það er vor. Ég er á leiðinni í fullnaðarpróf sem loka-bekkjarprófið í barnaskólanum kallast í þá daga. Þetta próf er vigsan inn í gagnfræðadeildina og það skiptir miklu máli að vel takist til. Framtíðin er í húfi og allt það. Ég er sérlega áhugalaus um prófin að venju og ligg á gólfinu inni hjá pabba í vinnuherberginu hans. Hann er algjörlega annars hugar á náttfötunum sínum að skrifa og tauta við sjálfan sig eins og hann gerir gjarnan þegar hann er í sínum einkaheimi. Ég er að teikna dúkkulísur aftan á „Fréttir frá Sovétríkjunum“, sem ég hirði alltaf upp úr ruslakörfunni og nýti mér til krots, þegar mamma kemur inn og spyr furðu lostin hvort ég eigi ekki að vera að læra:

– Halldór minn, hún er að fara í fullnaðarprófin á morgun og hinn. Hvað á þetta að þýða, að láta hana koma sér svona undan lærdómnum, ég sem var viss um að hún væri að lesa fyrir morgundaginn.

Ég ligg kyrr á gólfinu eins og saklaus heyrnleysingi og bið spennit eftir hvað komi út úr þessu. Heppnin er með mér. Pabbi litur upp yfir gleraugun með ábyrgðarsvip og segir yfirvegaður:

– Auður mín, sérðu ekki að barnið er að teikna.

...
Mönnunum mínum skipti ég reyndar upp í tvo mismikilvæga flokka – og það geri ég léttilega. Í þeim fyrri eru feður barnanna minna. Þeir eru tveir. Í hinum síðari eru hinir sem ég hef átt tíma með. Þeir eru fleiri. Mér finnst annars tilhugsunin um að niða skóna af fyrrverandi ástmönnum, þótt þeir hafi

sumir hverjir átt andskoti harða skó, alveg fánleg. Ég hef heldur aldrei litið á sjálfa mig sem sambandsfórnarlamb eða blásaklausan og beygðan þolanda. Aldeilis ekki. Það þarf nefnilega oftast, ég segi oftast, tvo til átaka eins og þeirra sem eru oft í gangi á mínu heimili þegar ég er ung kona – og hún Sigríður Halldórsdóttir með sitt skap og sína þveru lund hefur sjálf löngum barið sína menn og tekið á móti þeim. Að því leyti eru sögur okkar Lóu í Silfur-tunglinu hans pabba jafnólíkar og dagur og nótt.

...
Ég sé reyndar í bréfum sem ganga á milli pabba og mömmu á þessum tíma að þau hafa bæði haft svo ofsalegar áhyggjur af ótímabærri frjövgun minni að það er nú meira. Mömmu finnst það ekkert smá grín að þurfa að takast á við slíka launung og slíkt feimnismál með stranga og síðavanda móður sína, hana ömmu Halldóru, á heimilinu. Hún segir líka við pabba í einu bréfinu þegar hún er alveg að verða vitlaus á öllu dæminu: „Halldór minn elskan, ef ég á að segja eins og er þá er ég svo þreytt og rugluð útaf þessu ástandi hér að ég veit varla hvað ég er að segja eða gera. Það versta er að ég verð alltaf að fara út af heimilinu ef ég þarf að tala í síma og við Sigga getum aldrei talað saman hérna innanhúss vegna mömmu. Og á meðan ég var að tala við þig í símanum áðan varð ég að láta Sigga og Jón Gunnar halda uppi hrókasamræðum við hana svo hún heyrði ekki hvert einasta orð sem ég segði.“

Pabbi kallaði mig Draumu

Einn þeirra herramanna sem koma við sögu í bókinni er góðvinur Siggu, Hans Kristján Árnason, sem hún kallar Hósi. „Við Hósi erum búin að vera viðlödandi hvort annað í svona sjö ár en búum hvort í sínu lagi,“ segir hún. „Höfum verið á ansi miklum þvælingi um Ísland á sumrin og það finnst mér nú bara það skemmtilegasta sem ég geri, ef það væri pláss fyrir mig á vegunum og það væri hægt að gista einhvers staðar án þess að eiga feitt seðlaveski og hafa pantað með árs fyrirvara. Þessi atriði eru þau neikvæðu í ferða-


þjónustunni og líka hvað landið er illa farið sums staðar. En vestur á fjörðum er rólegra enn þá og ég fer mikið þangað. Sonur minn á gestrisna tengdafjölskyldu á Ísafirði og þar er alltaf opið hús fyrir mig.“

Bókarkápan á Elsku Drauma mín er í frekar daufum litum. „Maður sér alveg að hönnuðurinn hefur lesið bókina áður en hann hófst handa, það skiptir öllu máli. Hún er svolítið draumkennd eins og nafnið bendir til,“ segir Sigga brosandí. „Pabbi kallaði mig Draumu þegar ég var barn. Ég hef líklega verið dreymin. Mörg bréf hans byrja á þessu ávarpi.“

Við sérhæfum okkur í Háræðaslitsmeðferðum Tilboð út október



og húðslipimeðferðum Tilboð út október




Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Á ÉG SKILIÐ AÐ LIFA?
MIG LANGAR EKKI.
ÉG ER DRUSLA OG AUMINGI.
Á MORGUN ER ANNAR DAGUR.
VONANDI.

KLARA ÓSK, 12 ÁRA (FACEBOOKFÆRSLA)



ÁRNI ÞÓRARINSSON hefur ritað hörkuspennandi sögu úr íslenskum samtíma og lýsir af stílgáfu og næmi þeirri spillingu sem leynist í hversdagslífinu, heimi hákarla og hornsíla.



Þetta gengur ekki lengur

Í tæpt ár hefur Samband Íslenskra myndlistarmanna unnið að því að félagsmenn fái greitt fyrir sína vinnu frá opinberum söfnum. **Jóna Hlíf Halldórsdóttir** formaður SÍM, segir málið pólitískt og að vitundarvakning hafi átt sér stað en lítið þokast til úrbóta.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir er formaður Sambands Íslenskra myndlistarmanna og í forsvari fyrir herferðinni. Við borgum myndlistarmönnum. Herferðin, sem hefur nú staðið yfir í tæpt ár, miðar að því að listamenn fái greitt fyrir sína vinnu og þá einkum vinnu fyrir listasöfn. Jóna Hlíf segir vandamálið fólgið í því að það séu engir samningar við listamenn um hvort eða hvað þeir eigi að fá greitt frá söfnum fyrir sitt vinnuframlag.

Framlagssamningur

„Það leiðir til þess að listamenn fá mismikið fyrir sína vinnu og stundum jafnvel ekki neitt þar sem söfnin eru afar illa stödd fjárhagslega. Þess vegna viljum við að framlagssamningurinn, sem við erum búin að vera að kynna, verði tekinn í gildi hjá öllum listasöfnum sem eru rekin fyrir opinbert fé.“


Samningurinn er í tvennu lagi. Annars vegar þóknun fyrir það að halda sýninguna. En sú tala er reiknuð út frá því hversu margir taka þátt í sýningunni, hversu margar vikur hún er uppi og að síðustu hversu margir heimsækja safnið á ári. Síðan er það vinnuframlagið og þar erum við nú ekki að biðja um mikið heldur að fara fram á 6.500 kr. á klukkustund sem verktakagreiðslu.

Áttatíu prósent listamanna eru að vinna aðra vinnu meðfram sinni listsköpun og það þýðir það að þegar

þú ert að setja upp sýningu þá þarftu að fá frið úr vinnu. Það væri því eðlilegt að þegar þú þarft að vera viku eða mánuð frá vinnu til þess að vinna að því að setja upp sýninguna þá fái þú greitt fyrir þá vinnu. Við viljum einnig að listamenn fái greitt fyrir listamannspjall en það er ekki greitt fyrir slíkt hjá öllum söfnum í dag.“

Það þarf lítið til

Jóna Hlíf segir að rót þessa vanda sé einhvers konar gömul hefð sem listamenn sitja uppi með. „En vandinn er bæði fólgin í því að listin hefur breyst gríðarlega mikið á síðustu áratugum og svo eru listasöfnin alveg gríðarlega fjársvelt. Við hjá SÍM erum afar meðvitað um það og erum að reyna að vinna að því með þeim að fara fram á auknið fjármagn. Fjármagn sem gæti farið í að myndlistarmenn fengi greitt fyrir sína vinnu eins og annað fólk. Auðvitað geta listasöfnin eitthvað hagrætt en eftir hrun þá þarftu þau að hagræða svo



Árið 2014 greiddi Listasafn Reykjavíkur 1.460.000 kr. í þóknun til listamanna. Ef Listasafnið hefði fengið auka fjárveitingu að upphæð 34.560.000 hefðu þeir getað greitt listamönnum eftir Framlagssamningnum, það er innan við 8% af heildarútgjöldum safnsins.

Heimild: Ársskýrsla Listasafns Reykjavíkur fyrir árið 2014

mikið að það var í raun ekkert eftir.

Til þess að ungir listamenn fái tækifæri til þess að sýna í þessum söfnum og að það sé hægt að standa fyrir samsýningum þá verður að koma til meira fjármagn. Við erum ekkert að tala um brjálæðislegar upphæðir. Listasafn Reykjavíkur þarf um það bil 30 milljónir á ári til viðbótar og það eru þrjú söfn innan þess; Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur og Ásmundarsafn. Listasafn Akureyrar þarf um sex til sjö milljónir aukalega á ári til þess að greiða listamönnum og þetta er innan við 10% af gjöldunum hjá öllum söfnum. Árið 2014 greiddi Listasafn Reykjavíkur 1.460.000 kr. í þóknun til listamanna. Ef Listasafnið hefði fengið auka fjárveitingu að upphæð 34.560.000 hefði það getað greitt listamönnum eftir Framlagssamningnum, það er innan við átta prósent af heildarútgjöldum safnsins. Mér finnst það vera mjög raunhæft og sanngjarnt að átta prósent af heildarútgjöldum safnsins fari í þóknun og laun til listamanna, sem öll starfsemi safnsins snýst um.

Öll starfsemi safnanna hverfist um starf listamannsins og þetta gengur ekki lengur. Þetta er svartur blettur á þjóðinni og það þarf svo lítið til þess að breyta þessu svo við getum staðið bein í baki og sagt: Við borgum myndlistarmönnum.“

Vitund án ábyrgðar

Jóna Hlíf bendir á að þar sem söfnin eru fjársvelt nú þegar þá sé þetta í raun pólitísk ákvörðun. „En það sem

ig að söfnin gætu sótt þangað fjármagn til þess að greiða þóknunina en svo myndu sveitarfélögin greiða vinnuframlagið.

En mér finnst staðan vera þannig í dag að það vilja allir greiða listamönnum en það veit enginn hvaðan peningarnir eiga að koma. Það er auðvitað stórt skref að vera búinn að auka þessa vitund en það er ekki nóg.“

Skammarlega fátt um svör

Árið 2013 lét SÍM gera könnun á stöðu myndlistarmanna og þar kom sitthvað forvitnilegt í ljós. Á meðal þess sem Jóna Hlíf bendir á er að um 80 prósent myndlistarmanna í dag eru konur og að yfir 60 prósent eru undir lágmarkstekjum. „Þannig að

þessi starfsstétt er láglunastétt. Það er illa komið fram við þessa stétt sem er engu að síður hámenntuð. Þetta gengur ekki.“

Jóna Hlíf segir að nú þegar stutt sé til kosninga þá hafi myndlistarmenn fullan hug á að beita sér í þessum málum. „Viku fyrir kosningar þá kemur út tímaritið okkar Stara og í byrjun ágúst þá sendum við tíu spurningar á alla flokka sem eiga sæti á Alþingi. Við gáfum þeim þrjár vikur til þess að svara og það er skammarlegt hversu fáir svörðu.“

Vinstri græn svörðu og þau eru með fina menningarstefnu sem er aðgengileg á netinu. Björt framtíð kom með ágætt svar, Framsóknarflokkurinn talaði meira um menntun

en listir. Sjálfstæðisflokkurinn svaraði að málefnavinnu flokksins væri ekki lokið og því væri ekki hægt að veita upplýsingar byggðar á drögum málefnavinnu sem væru ósamþykktar af flokksráðsfundi. Þetta finnst mér ótrúlegt þar sem þeirra fulltrúi er mennta- og menningarmálaráðherra og það hefði nú átt að vera hægt að senda þetta áfram á hann. Píratar svörðu okkur ekki og Samfylkingin ekki heldur.

Ef maður horfir á þetta þá leynir sér ekkert hvernig listamenn eiga að kjósa en svo má ekki gleyma því að það eru nýir flokkar í framboði og þeir voru ekki þarna að þessu sinni því við vissum ekki hvernig yrði með þá á þessum tíma. En núna þurfa myndlistarmenn

að vakna og kjósa einfaldlega það sem er best fyrir þeirra framtíð því þetta gengur ekki lengur. Við þurfum að borga reikninga eins og aðrir, við eigum börn. Þetta er jafnréttismál og mannréttindabrot sem snýst um að skapa heilbriggt vinnuumhverfi. Ég veit að listamenn eru orðnir þreyttir og að þolinmæðin er að renna út og vonandi fer þetta nú að horfa til betri vegar. Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Menningarstarf styrkir þekkingarleit og nýsköpun í samfélaginu. Að sama skapi er tjáningarfrelsið grundvallarforsenda menningarlífs. Hvert samfélag þarf á öfluglu listafólki að halda og hvert samfélag þarf að styðja við list ef það vill dafna sjálft.“

[90 MÍNÚTUR]



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna



Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar



Óttarr Proppé, formaður, Þjartrar framtíðar



Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins og utanríkisráðherra



Smári McCarthy, frambjóðandi Pírata



Þorsteinn Víguldsson, frambjóðandi Vidreisnar

OPINN UMRÆÐUFUNDUR UM STJÓRN MÁL OG ATVINNULÍF FYRIR ALÞINGISKOSNINGARNAR 2016

ÞRIÐJUDAGINN 18. OKTÓBER KL. 15-16.30 Í NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU

Hvernig á að fjármagna kosningaloforðin? Verða skattar hækkaðir eða lækkaðir? Hvernig má tryggja lága verðbólgu og lægri vexti á Íslandi? Hvernig má auka kaupmátt fólks og tryggja gott starfsumhverfi fyrirtækja?

Umræðum stýrir Kristján Kristjánsson, fréttamaður

Kaffi og með því frá kl. 14.30

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður SÍM, er langþreytt á afleiturum kjörum myndlistarmanna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



EN NÚNA ÞURFA MYNDLISTARMENN AÐ VAKNA OG KJÓSA EINFALDLEGA ÞAD SEM ER BEST FYRIR ÞEIRRA FRAMTÍÐ.

mér finnst vera mest þirrandi er að á þeim tíma sem við höfum verið að vinna að þessu þá benda allir á hvern annan. Sveitarfélögin benda á ríkið og mennta- og menningarmálaráðherra segir að þetta sé ekki undir hans hatti heldur fjármálaráðuneytisins. Ég er nú bara ekki sammála því vegna þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið hlýtur að þurfa að sjá til þess að Listasafn Íslands hafi það fjármagn sem þarf til þess að borga öllu sínu starfsfólki. Það er því ráðherrans að sækja þetta fjármagn en Listasafn Íslands þarf aðeins sex milljónir á ári til þess að geta uppfyllt þessar skyldur.

Alþingi þarf líka að skoða hvort ekki þurfi að setja saman nýjan sjóð eða auka fjármagn í safnasjóði til þess að geta komið til móts við þóknunarhluta samningsins. Þann-



Þátt taka fulltrúar stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi eða hafa mælst með yfir 5% fylgi í skoðanakönnunum.

FUNDURINN VERÐUR SÝNDUR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á WWW.VISIR.IS



Allir velkomnir - Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is

#kosningar

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SA



Gagga Jónsdóttir, María Reyndal, Hrefna Lind og Helga Braga, nokkrar af fjölmörgum konum sem komu að gerð nýrra þátta, Borgarstjóranum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Konurnar á bak við Borgarstjóranum

Á bak við þættina Borgarstjórin sem verða teknir til sýninga um helgina er einvala lið kvenna. Þættirnir eru háðsádeila á stjórnsmál og freka valdakarla en líka konur í karllægu kerfi. Konur sem hegða sér eins og karlar.

A bak við þættina Borgarstjórin sem verða teknir til sýninga um helgina er einvala lið kvenna. Þættirnir eru háðsádeila á stjórnsmál og freka valdakarla.

Borgarstjórin, nýir þættir sem hefja göngu sína á Stöð 2 á sunnudag, fjalla með gamansömum hætti um það sem gerist á bak við tjöldin í borgarstjórnsmálum. Þættirnir eru hugmynd Jóns Gnarr og byggja að einhverju leyti á innsýn hans í þennan heim þau ár sem hann starfadi sjálfur sem borgarstjóri.

María Reyndal og Gagga Jónsdóttir eru tvær af þremur leikstjórnum þáttanna. Hrefna Lind Heimisdóttir er ein handritshöfundur og Helga Braga Jónsdóttir leikkona fer með eitt aðalhlutverka.

Þær eru á meðal fjölmargra kvenna sem koma að tilurð þáttanna.

Helga Braga: „Það var mikill kvinnaher sem kom að framleiðslu þáttanna, ég man varla eftir öðru eins.“

Hrefna: „Þetta er auðvitað mjög í anda Jóns Gnarr að velja konur til samstarfs og hann fór snemma í ferlinu að flagga því að hann vildi hafa konur í lykahlutverkum við gerð þáttanna.“

Helga: „Að vera með þessa leikstjóra og svo Jógu eiginkonu Jóns Gnarr sem er einn framleiðenda og upptökstjóri. Hún var með okkur allan tímann og ómetanleg. Þá voru konur í hlutverki aðstoðarleikstjóra, búningahönnuðar, sminku, skriftu og mörgu öðru. Þetta var bara geggjá!“

María: „Hann er mikill feministi og þættirnir eru satíra á freka valdakarlinn. Þetta eru mjög feminískir þættir. Mér fannst þetta strax mjög

spennandi verkefni. Sjónvarpsþáttasería um stjórn og stjórnkerfi á Íslandi. Það er eitthvað sem kveikti í mér. Og þessi vinkill, það er verið að gera grin að þessum freka karli. Og körlum við stjórnvölinn. Hvað sem þeir gera þá haldast þeir alltaf við völd. Mér fannst það mjög svona spennandi að keyra inn í þetta núna og ná þessu út fyrir kosningar. Þó að þetta sé grin þá eru djúpir undirtónar.“

Gagga: „Þættirnir fjalla líka um konur í karllægu kerfi. Konur sem hegða sér eins og karlar.“

Helga: „Þetta eru konur sem hafa lagað sig að karlaheimi. Borghildur María sem ég leik er svona nagli. Jón lýsti henni fyrir mér í upphafi sem svona hestakonu sem malar sig. Hún er róttæklingur sem hefur þurft að baksa í kerfinu. Berjast fyrir sínum málum. Er búin að vera í baráttunni. Hún er oddviti minnihlutans og er orðin þreytt á baráttunni.“

Eru raunverulegar fyrirmyndir að persónum þáttanna?

Hrefna: „Söguhetjurnar eru skáldskapur en eiga sér nokkrar fyrirmyndir. Sterkustu karakterarnir eru kannski samsettur úr svona þremur, fjórum fyrirmyndum. Og í sumum senum vorum við mögulega með einhvern stjórnsmálamann í huga.“

Fannst ykkur gaman, sem konur, að takast á við freka karlinn?

Gagga: „Já, mér finnst gaman að rýna í karlinn sem slíkan. Það að vera freki karlinn er ákveðið fangelsi. Það eru stundir þar sem freki karlinn er hálf brjóstumkennanlegur.“

Helga: „Freku-karla fangelsið, sem sumir ráðamenn þjóðarinnar eru fastir í!“

Handritið er frumraun Hrefnu í handritaskrifum þótt hún sé alvön



ÞAD ER VERIÐ AÐ GERA

GRÍN AÐ ÞESSUM FREKA

KARLI. OG KÖRLUM VIÐ

STJÓRNVÖLINN. HVAÐ SEM

ÞEIR GERA ÞÁ HALDAST

ÞEIR ALLTAF VIÐ VÖLD.

skrifum. Hún er meðhöfundur þriggja bóka Jóns Gnarr.

María: „Vá hvað það er gaman að hitta þig loksins Hrefna, eftir að vera búin að liggja yfir handritinu og spá í allt sem þar stendur. Stundum, þegar við vorum að vinna í handritinu þá sagði Jón í gríni: Ég kannast ekkert við þetta, Hrefna hlýtur að hafa skrifað þetta!“

Gagga: Ég er líka búin að hlakka til að hitta þig. Hvernig byrjaði samstarfið hjá ykkur?

Hrefna: „Við byrjuðum að hittast í desember 2014, ég, Jón, Pétur Jóhann Sigfússon og Ólafur S. K. Þorvaldz. Það var ekki mikið skrifað en við þróuðum karakterana og lögðum upp vinnuna. Í hvaða átt við ætluðum með verkefnið.“

Jón fór svo til Texas og við Óli fórum þangað til hans. Við skrifuðum handritið fyrri partinn. Svo sat ég áfram hjá Jóni og við höldum áfram með bókina Útlagann. Þegar hann kom heim frá Texas, þá tókum við Jón tvo mánuði og skrifuðum út handritið.“

Gagga: „Var þetta ekki skemmtilegt ferli?“

Hrefna: „Jú, og verklagið er eftir-

minnilegt. Jón meira og minna í hlutverki ýmissa karaktera, gangandi um gólf að semja og leika. Er þetta vinna? Spurði ég mig stundum því mér fannst þetta svo lifandi ferli og skemmtilegt.“

Hrefna: „Við vorum leidd saman þegar ég var í starfsnámi hjá Forlaginu. Þá var Jón önnur kafinn í starfi sínu sem borgarstjóri Reykjavíkur en var um leið að vinna að annarri bókinni um æsku sína, Sjóræningjanum. Páll Valsson, kenndi mér í MA-námi mínu í ritstjórn. Hann kom auga á mig hjá Forlaginu og sagðist vera með verkefni fyrir mig. Þá var Jón að leita að mannaskju til að aðstoða sig við skrifin og úr varð að við fórum að vinna saman.“ [HLH1]

Hafið þið kynni af ráðhúsinu og starfi borgarstjórnar?

Hrefna: „Ég var búin að vera að þvælast í ráðhúsinu frá árinu 2011. Þá notaði Jón stundum hádegishléin til að skrifa. Ég þekkti marga í kringum hann með nafni og umhverfið þótt ég kynni ekki mikið á borgarpólitíkina. En mér fannst það áhuga-verður heimur.“

María: „Og dramatískur, hinn pólitíski heimur!“

Hrefna: „Já, oft þegar við vorum að skrifa handritið og fylgdumst á sama tíma með fréttum hugsuðum við, þetta skrifar sig bara sjálft.“

Heldur þú að þú skrifir annað handrit?

Hrefna: „Ég veit það hreinlega ekki. En þetta var með því skemmtilegra sem ég hef gert og leið ekki í hálf tíma eins og ég væri í vinnunni.“

Helga Braga og Jón Gnarr eiga að baki langt og farsælt samstarf.

Helga: „Mér finnst það svo skemmtilegt, við höfum leikið saman í 20 ár. Fyrst í Örninn er sestur og svo í Fóstbræðrum auðvitað.

Það er gaman að leika með Jóni og skemmtilegt að endurnýja kynnin í þessum hlutverkum.“

Gagga: „Þið eruð náttúrulega frábær þegar þið leikið saman.“

Helga: „Ég þurfti nú aðeins að skoða af hverju hún Borghildur María mín fellur fyrir honum.“

María: „Þetta er það sem maður spyr sig að, hvað er það við freka karlinn?“

Helga: „Hann er bara svona týpa sem efast ekki um neitt, ekki örðu.“

Gagga: „Þau eru í sömu sósunni, í þessu valdatafli.“

Gætu þær hugsað sér að starfa á þessum vettvangi? Í stjórnsmálum?

María: „Ei nei, ég gæti ekki hugsað mér það. Ég er ótrúlega fegin að fá að vera að skapa. En ég tek ofan fyrir fólki sem starfar í þessum heimi. Ég á marga vini sem gera það og þetta er vanmetið starf og mikið álag. Alltaf svo mikil barátta.“

Helga: „Ég get ekki hugsað mér að velja mér alfarið að vera í stjórnsmálum en finn oft hjá mér löngum til að berjast fyrir einhverju tilteknu málefni.“

Gagga: „Ég hef nú ekki hugsað út í það. Kannski aðstoðarmaður borgarstjóra – miðað við þættina þá hlýtur það nú að vera mjög áhuga-vert...“

Hafið þið upplifað að fólk í borgarstjórnsmálum sé svolítið áhyggjufullt yfir þessum þáttum?

Hrefna: „Við fengum nokkrar símríngingar þegar við vorum að skrifa handritið og spurð hvort við værum að skrifa um tiltekin viðkvæm mál. Það var hins vegar aldrei raunin og eitthvað sem Jón myndi aldrei gera.“

Helga: „Hann er náttúrulega fyrirverandi borgarstjóri og búinn að vera þarna innan veggja svo kannski búast einhverjir utanaðkomandi við uppljóstrum.“

BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

Icecare kynnr Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnabykkni sem virkar sem öflug vörn gegn sveppasýkingu. Sömuleiðis er Bio-Kult frábært til að styrkja þarmaflóruna og halda meltingunni í góðu lagi.

Kolbrún Hlín Hlökkversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og þirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

MÆLIR MEÐ BÍO-KULT

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfari mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét. Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáranistilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og



Kolbrún Hlín Hlökkversdóttir mælir með því að taka inn Bio Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun sýklalyfja.



” Bio-Kult hefur reynst mér afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar.

Margrét Alice Birgisdóttir

einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til



Margrét Alice Birgisdóttir hefur notað Bio-Kult með mjög góðum árangri.

að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóra líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.

BIO-KULT FYRIR ALLA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna

og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, þirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál. Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-**IceCare** McBride. Pin heilsa

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

Inniheldur sæbjúgu, vatnsrofin þorskrótín, túrmerik, D vítamín, C vítamín og mangan.



Snorri Snorra
„Virkar vel á mína liði“



AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

Inniheldur vatnsrofin þorskrótín, glúkómannan og króm-pikkólinat.



Guðrún Lilja
„Finn góðan mun á mér“



AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

Inniheldur einungis vatnsrofin þorskrótín úr villtum íslenskum þorski.



Guðjón Ágúst
„Mun kraftmeiri í ræktinni“



JÖRÐIN HÆTTIR EKKI AÐ SNÚAST

Ferill tónlistarmannsins Herberts Guðmundssonar spannar tæplega hálfu öld. Í kvöld verður heimildarmynd um hann frumsýnd í Sambíunum Egilshöll. Stöðugt koma fram nýjar kynslóðir aðdáenda og fyrir það er hann þakklátur.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Heimildarmyndin Can't walk away, sem fjallar um líf og feril tónlistarmannsins Herberts Guðmundssonar, verður frumsýnd í dag í Sambíunum Egilshöll. Í ár eru 44 ár síðan Herbert söng fyrst inn á hljómplötu en hann hefur sungið með nokkrum hljómsveitum um ævina auk þess að gefa út fjórtán sólóplötur.

Kvikmyndagerðarmennirnir Friðrik Grétarsson og Ómar Sværissón standa á bak við myndina en vinnsla hennar tók fimm ár. Höfðu þeir fullt ritstjórnarlegt frelsi við gerð hennar að sögn Herberts og þurfti hann m.a. að skrifa undir samning þess efnis að hann fengi ekki að sjá myndina fyrr en hún væri frumsýnd.

Aðspurður hvort það geri hann stressaðan segir Herbert svo alls ekki vera. „Ég er satt að segja voða rólegur yfir þessu öllu saman. Jörðin hættir ekki að snúast út af einni heimildarmynd. Þótt ég hafi ekki séð myndina á ég ekki von á neinu slæmu enda ekki vondur maður og ekki skaðað neinn. Það sem kom mér eiginlega mest á óvart var hvað ég er búinn að afkasta miklu á þessum tíma. Allar þessar plötur, öll myndböndin, þetta er svo miklu meira en mig minnti.“

ANDLEG UPPLIFUN

Líf Herberts hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hann á meðal annars að baki gjaldþrot, fangelsisvist og hjónaskilnaði auk þess að glíma við fíkniefnavanda á tímabili. Þrátt fyrir það geislar hann af orku og jákvæðni en hann þakkar sínum æðri mætti, Guði og bæninni, það góða og jákvæða í lífi sínu. „Ég bið til Guðs kvöld og morgna og stunda hugleiðslu með. Eftir að ég hætti í búddismanum fyrir tæpum áratug endurnýjaði ég barnstrúna. Þá fór ég í 12 spörin og varð fyrir andlegri upplifun sem gjörbreytti lífi mínu. Þá sá ég að ef maður er með hinu góða, bjarta og fagra er svo miklu skemmtilegra að vera til, í stað þess að vera alltaf að mála skrattann á vegginn og einblína á það leiðinlega.“

GOTT FÓLK Á LEIÐINI

Á rúmlega 45 ára ferli hefur Herbert kynnst mörgu fólki sem hefur haft afar góð áhrif á feril hans og persónu um leið. „Þar má m.a. nefna þá félag Magnús og Jóhann, sem hafa komið að flestum plötum mínum. Í Pelican kynntist ég Bergsteini Ómari Óskarssyni gítarleikara en ég lærði mikið af að vinna með honum. Svo má ekki gleyma Steingrími Einarssyni en honum á ég mikið að þakka. Ég kom til hans á sínum tíma með lagið Can't walk away og spilaði það fyrir hann á gítar. Hann sá um að prógramma



„Það sem kom mér eiginlega mest á óvart var hvað ég er búinn að afkasta miklu á þessum tíma. Allar þessar plötur, öll myndböndin, þetta er svo miklu meira en mig minnti,“ segir Herbert Guðmundsson. MYND/STEFÁN

lagið og trommur í tölvunni og á stóran hlut í laginu og vinsældum þess. Ég er afar þakklátur honum fyrir samstarfið.“

UNGT FÓLK TENGIR

Það eru næg verkefni fram undan

í vetur hjá Herberti. Um þessar mundir vinnur hann að nýju efni með Svani syni sínum og hann er alltaf að spila á böllum og öðrum skemmtunum. „Í vikunni var verið að bóka mig á eitis-ball hjá MS, örugglega fimmtánda árið í

röð. Síðasta vetur söng ég í öllum framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu við mjög góðar undirtektir. Ég er svo þakklátur fyrir það. Það er sannarlega mikill heiður að ungt fólk tengi við lögin mín í dag.“

CC FLAX



Frábært til að bæta **hormónajafnvægi** fyrir konur á **öllum aldri**

Mulin hörfræ - rík af Lignans
Tröuberjafrae
Kalk úr hafþörungum

Heilbrigðari og grennri konur
Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans. **

* Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

- Regluleg inntaka stuðlar að kjörþyngd
- Omega 3- ALA
- Fjölbreyttar trefjar



NÝJAR
UMBÚÐIR

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

SLEGIÐ Í
GEGN
Í VINSÆLDUM
- FRÁBÆR -
ÁRANGUR



MÖGULEGA BESTA BANANABRAUÐIÐ

Margir gera vel við sig í morgunmat um helgar. Hér er uppskrift að bananabrauði sem svikur seint en bananar og súkkulaði eiga að margra mati einstaklega vel saman.

4 brauðsneiðar
1 banani
2 egg
8 matskeiðar
súkkulaðihnetusmjör
1/2 dl mjólk
1/2 teskeið kanill
1 msk. sykur
2 msk. smjör

Smýrið hverja sneið með súkkulaðihnetusmjöri.

Skerið bananann í sneiðar og skiptið á milli tveggja brauðsneiða. Setjið brauðsneið yfir. Piskið saman egg, mjólk, sykur og kanill.

Braðið smjör á pönnu. Dýfið hvorri samloku fyrir sig í eggja-blönduna og steikið á hvorri hlið í þrjár til fjórar mínútur.

Berið fram volgt með kaldri mjólk.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarssdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johanwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



*Mynd af 33" breyttum bíl

Dodge Durango Limited Premium 7 manna

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, ABS hemlalæsisvörn, stöðugleikastýring og spólvörn, 20" álfelgur, fjarstart, lykillaust aðengi, Alpine hljómfletningstæki, hraðastillir, rafstýrðar stillingar á stýrishjóli, Bluetooth handfrjáls búnaður, 8,4" snerti-/upplýsingaskjár og aksturstólva, upphituð fram- og önnur aftursætis röð, media hub fyrir SD kort, USB og AUX tengi, Blu-ray DVD kerfi með tveimur skjám og þráðlausum heyrnatólum, 9 hátalarar með bassaboxi, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, rafdrifin sóllúga, sjálfvirk 3ja svæða miðstöð með loftkælingu, LED framljós o.fl.* Meðaleyðsla 12,4 ltr/100 samkvæmt fueconomy.gov

Verð: 10.490.000 kr. Tilboðsverð: 9.990.000 kr.

Verð með 33" breytingu:
10.870.000 kr.

Tilboðsverð: 10.370.000 kr.

Til sýnis og sölu hjá 100bílum
Stekkjarbakka 4 í Mjódd.



*Mynd af 32" breyttum bíl

Grand Cherokee Limited Premium

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, Quadratrac II fjórhjóldrif með háu og lágu drifi, ESC stöðugleikastýring, 20" álfelgur, kæling í framsætum, lykillaust aðengi, Alpine hljómkkerfi, leðurinnrétting, rafstillanlegt og upphitað stýrishjól, rafdrifin framsæti, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" upplýsingaskjár, útvarpstæki með Bluetooth raddstýringu, loftþrýstingsmælir fyrir hjólbarða, sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu, hleðslujafnari, Bi-Xenon og LED framljós með þvottakerfi o.fl.* Meðaleyðsla 12,4 ltr/100 samkvæmt fueconomy.gov

Verð: 10.490.000 kr. Tilboðsverð: 9.990.000 kr.

Verð með 32" breytingu:
10.870.000 kr.

Tilboðsverð: 10.370.000 kr.

Til sýnis og sölu hjá 100bílum
Stekkjarbakka 4 í Mjódd.

ÁVEXTIR MEÐ TILGANG

Froosh kynnis Froosh drykkirnir, sem hafa verið á markaði hér á landi um nokkurra ára skeið, innihalda eingöngu ferska ávexti og ekkert annað. Í þeim er ekkert þykki, engin rotvarnarefni og enginn viðbættur sykur. Um helmingur ávaxtanna kemur frá þróunarlöndum og hefur framleiðslan víða átt þátt í að styrkja atvinnulífið á fátækum svæðum.

Froosh drykkirnir eru framleiddir í Svíþjóð en um helmingur ávaxtanna, sem notaðir eru í þá, koma frá þróunarlöndunum. Fyrirtækið leggur nefnilega ríka áherslu á viðskipti við þróunarlönd og stuðlar þannig að betri framtíð þeirra sem minna mega sín. Viðskiptin hjálpa ávaxtabændum að gefa til samfélagsins á þessum fátæku svæðum til dæmis með því að senda börnin í skóla, grafa vatnsbrunna og auka aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu. Mottó Froosh er „trade not aid“, en fyrirtækið telur að aukin viðskipti skili sér margfalt betur heldur en þróunaraðstoð í baráttunni gegn fátækt. Froosh spilar því stórt hlutverk í keðjunni í átt að betri framtíð þessara landa. Meiri viðskipti þýða bætt lífsgæði.

Borðar þú 500 grömm af ávöxtum og grænmeti á dag? Ef svo er – snilld. Til hamingju! Hins vegar eru fæstir sem ná því en með tilkomu drykkja eins og Froosh er það leikur einn. Ávextirnir eru maukaðir, pressaðir og hakkaðir svo þú getir auðveldlega nálgast þá næringu sem þú þarft, en eins og flestir vita eru ávextir stútfullir af vítamínum, steinefnum og trefjum. Ávöxtunum er svo blandað eftir kúnstarinnar reglum og hefur Froosh hlotið fjölda verðlauna fyrir bragð og gæði.

Drykkirnir frá Froosh innihalda bara ávexti, ekkert þykki og engin rotvarnarefni og er drykkjunum pakkað í umhverfisvænar glerumbúðir en það er lykilatriði þegar kemur að gæðum



Mottó Froosh er „trade not aid“ en fyrirtækið telur að aukin viðskipti skili sér margfalt betur heldur en þróunaraðstoð í baráttunni gegn fátækt.



Drykkirnir frá Froosh innihalda eingöngu ávexti og engin rotvarnarefni.

» Drykkjunum er pakkað í umhverfisvænar glerumbúðir en það er lykilatriði þegar kemur að ferskleika og gæðum.

vörunnar. Glerið kemur í veg fyrir að gerlar og sýklar komist að vörnunni sem tryggir lengri líftíma og helst innihaldið jafn ferskt og þegar því var tappað á. Þeir sem kjósa hreina, holla og heilnæma vöru geta því óhikað valið Froosh og stutt um leið við uppbyggilega atvinnustarfsemi í þróunarlöndunum.

VETRARUNDIRBÚNINGUR Í GARÐINUM

Að ýmsu er að huga í garðinum áður en Vetur konungur gengur í garð. Þær **Svanhildur Björk Sigfúsdóttir** og **Pálína Stefania Sigurðardóttir** garðyrkjufraeðingar bjóða upp á fræðslu um vetrarundirbúning í Grasagarðinum á sunnudaginn.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Þær Svanhildur Björk og Pálína Stefania létu ekki rokið og rigninguna í vikunni aftra sér frá verkum sínum í Grasagarðinum enda vel búnar til starfans. Þær brostu breitt til ljósmyndara Fréttablaðsins þegar hann hitti á þær í Grasagarðinum sem nú er kominn í fallegan haustskrudá.

Þær bjóða öllum sem vilja að koma og hitta þær í Grasagarðinum á morgun til að fá fræðslu um vetrarundirbúning garða en voru líka til í að gefa lesendum Fréttablaðsins nokkur góð ráð.

ARFANN BURT

„Það er gott að hafa garðinn hreinan og fínan og hreinsa allt illgresi áður en snjórinn fellur. Margir halda að það sé í lagi að leyfa arfanum að standa úr því að það er að koma vetur en vandinn er að illgresið nær alltaf að sá sér og ef það er ekki tekið kemur það tvöfalt til baka næsta sumar. Því er maður að létta sér lífið með því að taka arfann núna,“ upp lýsir Svanhildur.

Hún segir einnig mikilvægt að hlífa plöntum, sér í lagi þeim sem nýbúið er að planta. „Við það er til dæmis hægt að nota lauf eða raða grein-

„Það er gott að hafa garðinn hreinan og fínan og hreinsa allt illgresi áður en snjórinn fellur.“

Svanhildur Björk garðyrkjufraeðingur

um til að búa til skjól. Þá þurfa sígrænar plöntur stundum betra skjól og gott er að setja upp skýlingu í kringum þær,“ segir Svanhildur og tekur fram að þetta sé best að gera áður en frost kemur í jörð.

TÍMI HAUSTLAUKANNA

Nú er rétti tíminn til að setja niður haustlaukana að sögn Svanhildar. „Þetta eru aðallega túlípanar, liljulaukar og krókusar sem koma síðan snemma upp á vorin.“ Hún segir yfirleitt góðar leiðbeiningar á pakkningum laukanna sem segi til um hvernig, hversu djúpt og hvernig eigi að setja laukana niður. „Oft er líka gott að setja svoltið lauf yfir moldina til að verja laukana fyrir frosti.“

En hvað með lafin sem nú falla af trjánum í gríð og er og hylja garðana? „Það þarf alls ekki að þrifa lafin burt. Mér finnst gott



Grasagarðurinn er kominn í haustskrudá og þær Svanhildur og Pálína eru í óða önn að undirbúa hann fyrir veturinn. Þær munu fræða gesti garðsins um vetrarundirbúning garða á morgun klukkan 11. MYND/GVA

að raka þeim inn í beðin því þau verja rætur, gróður og fjörlæringa og breytast að lokum í mold,“ segir Svanhildur og telur lafin hafa lítil áhrif á grasflatir, nema magnið sé því mun meira.

EKKI TÍMI TRJÁKLIPPINGA

Þó nokkrir eru með safnhauga í garðinum sínum. Er í lagi að halda áfram að safna til moltugerðar?

„Já, það er um að gera. Moltan heldur áfram að gerjast yfir veturinn.“

En má klippa tré og runna núna? „Nei, þetta er ekki góður tími til þess þar sem allt er rakt og trénu er rétt að fara í dvala. Betra er að gera það í febrúar eða mars og svo eru sumarklippingar mjög góðar.“

Svanhildur segir haustið hins vegar mjög góðan tíma til útplönt-

unar og segir að hægt sé að gróðursetja langt fram eftir hausti svo lengi sem ekki sé komið frost í jörðu. „Á þessum tíma eru plönturnar hætta að vaxa og lagstar í dvala, þær hafa síðan góðan tíma til að jafna sig í jörðinni fram að sumri.“

Fræðslan hefst klukkan 11 á morgun, sunnudag, í Grasagarðinum.

HAUST ÚTSALA - 30% AF VÖLDUM VÖRUM

Fallegur falnaður í stærðum 14-28 eða 42-56



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9
Alla virka daga frá kl.11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



2015
BRYGGJAN BRUGGHÚS
 bistro & brewery
 REYKJAVÍK
 ★ ★ ★



Hjónin Birna Helgadóttir og Rognvaldur Jóhann Sæmundsson ásamt tveimur yngstu börnum sínum, Auði 13 ára og Kára 15 ára. Öll fjölskyldan hugsar mikið endurvinnslu og umhverfisvernd. MYND/EYÞÓR

SKEMMTILEGT AÐ LIFA UMHVERFISVÆNT

Fjölskylda **Birnu Helgadóttur** á Seltjarnarnesi hefur um langt skeið flokkað flest sem hægt er að endurvinna. Fjölskyldan notar hjól sem helsta samgöngumáta og vandar sig í öllum innkaupum.

**Starri Freyr
 Jónsson**

starri@365.is



Áhugi Birnu Helgadóttur á umhverfismálum hófst á háskólaárunum þegar hún nam lífræði við Háskóla Íslands. Þá segist hún hafa áttað sig á því hvernig allar efnafrásir heimsins vinna saman og hvernig maðurinn er að raska þeim á ýmsa vegu. „Á þessum tíma áttum við lítil börn og ég var með hugann við framtíð þeirra. Við bjuggum á Hjólagördum á þessum tíma, í kringum 1995, og stofnuðum ásamt vinfjölskyldu umhverfishóp sem kom á ýmsum umhverfisaðgerðum í húsinu á borð við pappirsendurvinnslu, lífræna endurvinnslu, upplýsingaherferð um margnota bleyjur o.fl. Þessi áhugi leiddi mig svo út í framhaldsnám í umhverfisfræðum og störf tengd umhverfismálum.“ Í dag er hún auðvitað búin að smita alla fjölskylduna af umhverfisáhuganum og segir hana hafa gegnum tíðina reynt að finna einfaldar, skynsamur og skemmtilegar leiðir til að lifa umhverfisvænu lífi.

NOTA BÍLINN LÍTIÐ

Meðal þess sem fjölskyldan gerir er að flokka flest sem hægt er að endurvinna, þau nota hjólið sem

helsta samgöngumáta og vanda sig í öllum innkaupum. „Þegar kemur að endurvinnslu gerum við þetta á einfaldan hátt með því að hafa hentug ílát og endurvinnslutunnu fyrir utan húsið. Við förum þó sjálf með gler, raftæki, ónýtt föt o.fl. út á endurvinnslustöð. Síðan við fengum moltutunnu út í garð höfum við flokkað alla matarafanga frá, en það hefur gert okkur öll meðvitaðri um þann mat sem við hendum og minnkað matarsóun hjá okkur. Að minnka matarsóun er ekki bara eitt af því mikilvægasta sem við getum gert fyrir umhverfið í dag heldur sparar það líka peninga.“

Þótt hjónin eigi bíl reyna þau að nota hann sem minnst. „Hvort okkar fer á bíl til vinnu einn dag í viku sem við nýtum um leið í ýmsar útréttingar. Krakkarnir hjóla alla daga í skóla og tómstundir og við erum nánast ekkert í skutlinu. Við pössum vel upp á hjólin, að þau séu í lagi, að allir séu með ljós og skiptum yfir á nagladekk á veturna.“ Hún segir stóran kost við hjólin að með þeim sé verið að koma hreyfingu inn í daglegt líf allra auk þess sem hjólatíminn sé líka góður tími til að hugsa og vera með sjálfum sér.

KAUPA EKKI ÓPARFA

Þegar kemur að innkaupum reyn-

ir fjölskyldan að nota eins lítið af plasti, umbúðum og einnota hlutum og hægt er. „Mikilvægast er að reyna að hugsa áður en keypt er þótt það sé ekki alltaf auðvelt. Það þýðir að við kaupum ekki óparfa hluti og kaupum helst vandaða hluti sem endast. Við kaupum alltaf umhverfismerkta vörur og lífrænt ræktaðar matvörur ef þær eru í boði og ekki miklu dýrari. Svo höfum við dregið verulega úr plastnotkun t.d. með því að nota margnota burðarpoka, geyma matarafanga í frábærum glerboxum með loki sem fást í IKEA, kaupa ekki hluti sem eru í miklum umbúðum og nota ekki einnota vörur.“

Aðspurð hvað sé helst í vendum í vetur segir hún samgöngumálin vera í forgangi. „Við erum öll spennit fyrir að kaupa rafmagnsbíl og sumir vilja rafmagnshjól. Í fyrravetur bjuggum við í Gautaborg, vorum bíllaus, notuðum strætó og hjól en leigðum svo rafmagnsbíl nokkra klukkutíma í senn þegar við þurftum. Það var algjör snilld og ég vildi óska að þetta væri hægt hér á Íslandi. Annars lít ég svo á að ein mestu umhverfisáhrifin sem þú hefur sem einstaklingur felast í því hvernig þú talar við og styður við þitt nærumhverfi. Að spyrja spurninga, hvetja og styðja. Þar vil ég gera enn betur.“



Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00

Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar. Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

Sérhæft starf í vöruhúsi

Traust þjónustufyrirtæki í Hafnarfirði leitar að áreiðanlegum starfsmanni í vöruhús auk annarra tilfallandi verkefna.

Leitað er að einstaklingi sem hefur náð 20 ára aldri, er samviskusamur, þjónustulundaður og hefur metnað fyrir að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið finnur þú á www.intellecta.is.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Sérfræðingur í ferlaskráningu

Laust er til umsóknar starf sérfræðings hjá Ferlaþróun á sviði Reksturs og upplýsingatækni hjá Landsbankanum.

Helstu verkefni

- » Þátttaka í skipulagningu ferlastarfs og umsjón með verkferlakerfi bankans (Holocentric)
- » Þjálfun og stuðningur við starfsfólk bankans í skráningu ferla
- » Skrásetning stærri ferla sem ganga þvert á deildir

Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Reynsla af skráningu ferla
- » Þekking á Holocentric er kostur
- » Reynsla í miðlun upplýsinga, kennslu og þjálfun
- » Rík þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og fagmennska í starfi
- » Greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun

- » Góð tölvufærni, þ.m.t. hæfni til að hagnýta ólík upplýsingatæknikerfi
- » Háskólamenntun eða annað nám sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Friðrik G. Guðnason, forstöðumaður Ferlaþróunar, í síma 410 3201 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í ferlaskráningu* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. október nk.



Jafnlaunaúttekt
PwC

Spennandi starf

Fjármálastjóri

Norðurþing óskar eftir að ráða öflugan fjármálastjóra til starfa. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum hjá sveitarfélaginu. Fjármálastjóri er staðgengill sveitarstjóra.

Umsóknarfrestur

31. október

Starfssvið

- Ábyrgð á fjármálastjórn sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreikninga og fjárhagsáætlana.
- Vinna við áhættumat og fjárhagslegar greiningar.
- Samningagerð.
- Samskipti við aðila innan og utan sveitarfélagsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3937

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð skilyrði.
- Þekking og reynsla af uppgjöri og endurskoðun kostur.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri kostur.
- Þekking og/eða reynsla af stjórnslu kostur.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni.
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í máli og riti.



Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Þéttbúskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2826 talsins. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Stapi lífeyrissjóður

Lögfræðingur

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða lögfræðing til að sinna fjölbreyttum og krefjandi lögfræðistörfum hjá sjóðnum. Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins.

Umsóknarfrestur

25. október

Starfssvið

- Umsagnir um lagaleg álitaefni.
- Lagalegar áreiðanleikakannanir.
- Skýrslugerð og samskipti við eftirlitsaðila.
- Skjala- og samningagerð.
- Yfirumsjón með innheimtumálum sjóðsins.
- Verkefni tengd lífeyrisréttindum.
- Regluvarsla innan sjóðsins.
- Mikil innri og ytri samskipti.
- Önnur lögfræðistörf sem tengjast starfsemi sjóðsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2705

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða embættispróf í lögfræði.
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði kostur.
- Góð færni í íslensku og ensku.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.



Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 15 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupstað.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

365 óskar eftir góðu fólki

SÖLUMAÐUR ÁSKRIFTA OG FJARSKIPTADEILDAR

Vegna aukinna umsvifa leitum við að rökum og metnaðarfullum sölumanni.

Góð laun í boði fyrir góðan árangur í sölu.

Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: **www.365.is** undir "laus störf".

Umsóknarfrestur er til og með **24. október**.

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira.



Nýjar stöður sviðsstjóra



Hjá Akureyrarbæ er unnið að umbótum í stjórnslu bæjarins til að laga hana að breyttum tímum og ná fram aukinni skilvirkni til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Starfsemi og þjónusta Akureyrarbæjar er í sífellri þróun og með stjórnsluumbótunum er stefnt að einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari stjórnslu fyrir íbúa sveitarfélagsins auk þess sem samskipti á milli miðlægrar stjórnslu og fagsviða eru gerð skilvirkari.

Sem hluti af umbótunum er leitað að metnaðarfullum aðilum í fjórar nýjar stöður sviðsstjóra í yfirstjórn Akureyrarbæjar. Allar stöðurnar heyra beint undir bæjarstjóra.

SVIÐSSTJÓRI FJÁRSÝSLUSVIÐ

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3976

Helstu verkefni eru m.a.:

- Dagleg ábyrgð á rekstri og stjórnun sviðsins í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.
- Að vera faglegur leiðtogi sviðsins og starfsmanna.
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu sviðsins til hlutaðeigandi aðila.
- Yfirumsjón með fjármálum bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag auk frágangs allra fjárskuldbindinga Akureyrarbæjar.
- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og starfsáætlana deilda og sviða, samræmingu og eftirlit.
- Yfirumsjón með gerð ársreiknings bæjarsjóðs og bæjarstofnana, stöðupplýsingar til bæjarráðs.
- Yfirumsjón með vinnslu bókhalds, fjárreiðum og áætlanagerð.
- Yfirumsjón með gerð og frágangi allra fjárskuldbindinga Akureyrarbæjar
- Að vera leiðandi á sviði gæðamála á sviðinu og eflir verkefni á sviði innra eftirlits.

SVIÐSSTJÓRI SAMFÉLAGSSVIÐ

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3974

Helstu verkefni eru m.a.:

- Dagleg ábyrgð á rekstri og stjórnun sviðsins í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.
- Að vera faglegur leiðtogi sviðsins og starfsmanna.
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu sviðsins til hlutaðeigandi aðila.
- Ábyrgð á samskiptum við stjórn Akureyrarstofu og frístundaráð. Sér til þess að ákvörðunum sé fylgt eftir.
- Yfirumsjón og fagleg ábyrgð á framgangi jafréttismála og mannréttindamála hjá Akureyrarbæ.
- Yfirumsjón með starfsemi á sviði menningar-, viðburða-, atvinnu-, ferða-, markaðs-, íþrótt- og forvarna- og frítímamála.
- Yfirumsjón með úttektum og rannsóknum er varða málefni sviðsins auk skipulagningar og umsjón kynninga og opinna funda.
- Eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem annast samningsbundinn rekstur á sviði atvinnu-, menningar- og frístundamála fyrir Akureyrarbæ.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, meistaragráða æskileg.
- Þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.
- Umfangsmikil reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar.

Frekari menntunar- og hæfniskröfur fyrir störfun er að finna á heimasíðu Capacent, sjá hlekk við hvert starf.

SVIÐSSTJÓRI STJÓRNÝSLUSVIÐS

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3977

Helstu verkefni eru m.a.:

- Dagleg ábyrgð á rekstri og stjórnun sviðsins í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.
- Að vera faglegur leiðtogi sviðsins og starfsmanna.
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu sviðsins til hlutaðeigandi aðila.
- Ábyrgð á ráðgjöf við stjórnendur bæjarins á sviði mannauðsmála og leiðir úrbætur á því sviði.
- Leiðir samráð og samvinnu við íbúa í samræmi við áherslur kjörinna fulltrúa á íbúalýðræði. Leiðir þróun upplýsingaþjónustu við bæjarbúa og mótun stefnu í móttöku nýrra íbúa.
- Annast almennar stjórnsluumbætur innan Akureyrarbæjar og leiðir vinnu sviðsstjóra við umbætur á sviði gæðamála og stjórnunar almennt.
- Undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar og ber ábyrgð á eftirfylgni mála.

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐS

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3975

Helstu verkefni eru m.a.:

- Dagleg ábyrgð á rekstri og stjórnun sviðsins í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.
- Að vera faglegur leiðtogi sviðsins og starfsmanna.
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu sviðsins til hlutaðeigandi aðila.
- Ábyrgð á samskiptum við umhverfis- og mannvirkjaráð og sér til þess að ákvörðunum sé fylgt eftir.
- Fagleg og fjárhagsleg umsjón með aðkeyptri vinnu vegna verkefna sviðsins, samningagerð við verktaka og ráðgjöf í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun.
- Yfirumsjón með framkvæmdum, fasteignum bæjarins og slökkviliði Akureyrar.
- Leiðir mótun umbóta á verklagi og í samstarfi við þá sem nýta sér þá þjónustu sviðsins sem varðar tæknilega innviði Akureyrarbæjar.

Akureyri er fjölmennasta sveitarfélag landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar rúmlega 18.000 talsins.

Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar fyrir botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

Umsóknarfrestur
31. október



Markmið SVP eru að vera málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Að vinna að almennum, sameiginlegum hagsmunamálum aðildarfyrirtækja. Að stuðla að framförum í verslun og þjónustu, bættum starfsskilyrðum, aukinni arðsemi og samkeppnishæfni. Að þjónusta fyrirtæki á sviði kjaramála í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, SA.



Hagfræðingur

SVP óska að ráða hagfræðing til starfa. Um nýtt starf er að ræða hjá samtökunum. Verkefnin reyna á sjálfstæði í starfi, mikla samskiptafærni og sterka hagfræðipækningu.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Rannsóknir, greiningar á þróun verslunar og þjónustufyrirtækja
- Ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga
- Framsetning upplýsinga til opinberra birtinga
- Mat á efnahagslegum aðstæðum
- Skýrslugjöf
- Samskipti við fjölmiðla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði eða menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningarvinnu
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Örugg framkoma
- Frumkvæði í vinnubrögðum



Upplýsingar veita:

Elisabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. okt. nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Íslandsbanki leitar að metnaðarfullum og faglegum verkefnastjóra í upplýsingatækni. Starfið fellur undir Verkefnastýringu, sem er stöðveld við aðrar deildir í upplýsingatækni og vinnur þvert á þær. Verkefnastjóri er þar að auki í miklum samskiptum við aðrar deildir bankans. Í Verkefnastýringu vinna nokkrir af öflugustu verkefnastjórum landsins í upplýsingatækni og áhersla er á stöðuga framþróun í faginu.

Umsóknarfrestur er til og með 23. október

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi

Hæfniskröfur:

- A.m.k. 5 ára reynsla af af stýringu verkefna í upplýsingatækni
- Háskólapróf, MPM er kostur
- IPMA C eða B vottun er kostur
- Reynsla úr fjármálageiranum er kostur
- Metnaður til að ná góðum árangri
- Öguð vinnubrögð, frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar:

Aðalbjörn Þórólfsson, deildarstjóri Verkefnastýringar
440 2876, adalbjorn.thorolfsson@islandsbanki.is


Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri
440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is



Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. Íslandsbanki er stoltur handhafi **Gullmerkis Jafnlaunaúttektar PwC**. Árið 2016 fékk Íslandsbanki **þekkingarverðlaun FVH** fyrir mannauðsstjórnun og **Hvatningarverðlaun jafnréttismála**. **Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn



Ertu með bíladellu?



Bílaumboðið Askja er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Kia og Mercedes-Benz bifreiðum. Við leitum að framúrskarandi fólki í teymið okkar sem mun stýra Öskju með okkur inn í spennandi framtíð.

Sölumaður atvinnubíla

Ábyrgð og verkefni

- Sala á nýjum atvinnubílum og ráðgjöf
- Samskipti við umboðsmenn og bílasala
- Frágangur á skjölum

Hæfniskröfur

- Reynsla af atvinnubílum mikill kostur
- Meirapróf æskilegt
- Almenn tölvu- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Þjónusturáðgjafi í verkstæðismóttöku

Ábyrgð og verkefni

- Ráðgjöf og móttaka viðskiptavina
- Upplýsingagjöf um framgang verkefna og utanumhald verkbeiðna
- Undirbúningur ábyrgðafyrirspurna

Hæfniskröfur

- Reynsla / menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Tæknimenntun / tæknilegur áhugi kostur
- Góð tölvu-, íslensku- og enskukunnátta

Verkstjóri fólksbílaverkstæðis

Ábyrgð og verkefni

- Umsjón með nýtingu vinnutíma
- Tryggja fagleg vinnubrögð skv. verklýsingum
- Staðfesta bilanir og yfirfara viðgerðir
- Umsjón með almennri umgengni

Hæfniskröfur

- Meistararéttindi kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði

Standsetning bifreiða

Ábyrgð og verkefni

- Standsetning og þrif bifreiða
- Umfelgun og ásetning einfaldra aukahluta
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Reynsla af umfelgunum er skilyrði
- Íslensku- eða enskukunnátta skilyrði
- Dugnaður, vandvirkni og stundvísi

Umsjónarmaður innri bílaleigu

Ábyrgð og verkefni

- Umsjón með bílaleiguflota Öskju
- Umsjón með þrifum og viðhaldi bílaleiguflota
- Umsjón með afhendingu og móttöku bíla

Hæfniskröfur

- Reynsla af störfum bílaleigu kostur
- Flekklaus ökuferilskrá
- Góð tölvu-, íslensku- og enskukunnátta

Húsvörður Ræsting og viðhald

Ábyrgð og verkefni

- Dagleg ræsting verkstæða
- Minni viðhaldsverkefni
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Gott líkamlegt hreysti
- Íslensku- eða enskukunnátta skilyrði
- Snyrtimennska og stundvísi

Tekið er við umsóknum á vef Öskju, www.askja.is, en þar má einnig finna ítarlegri upplýsingar um störf í boði.

Umsóknarfrestur er til og með **24. október**. Nánari upplýsingar veitir Erla Sýlvía Guðjónsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri Öskju, á netfanginu atvinna@askja.is.





Móttökuritari

Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir móttökuritari til starfa. Fullt starf er æskilegt en hlutastarf kemur einnig til greina.

Við leitum að starfsmanni sem hefur þjónustulund og ánægju af því að umgangast fólk. Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði. Góð kunnátta á tölvur og ritvinnsluforrit æskileg. Móttökuritarinn þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. janúar n.k. Laun samkvæmt kjarasamningi VR.

Við Heilsugæsluna í Salahverfi starfa 26 starfsmenn, þar af 3 lækningaritara og 3 móttökuritari. Skjólstæðingar heilsugæslunnar eru tæplega 16 þúsund og komur í viðtöl eru tæplega 40 þús á ári. Heilsugæslan í Salahverfi er stærsta heilsugæslan í Kópavogi og var valin af VR sem fyrirmyndar-fyrirtæki fyrir árið 2016.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrir störf sendist Sigurlaugu Sigurjónsdóttur skrifstofustjóra Heilsugæslunnar í Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi, **fyrir 1. nóvember n.k.** Hún veitir nánari upplýsingar um stöðuna í síma 590-3900 eða í gegnum netfangið, sigurlaug@salus.is.

Útstillingahönnuður

66°Norður leitar að framúrskarandi útstillingahönnuði til að þróa og innleiða útstillingar á vörum í verslunum 66°Norður. Útstillingahönnuður mun starfa í nánú samstarfi við rekstrarstjóra verslana, vörustjóra, hönnunardeild og markaðsdeild.

KRÖFUR:

- Reynsla af útstillingahönnun í verslunum.
- Menntun á sviði útstillingahönnunar eða sambærilegt nám er kostur.
- Ástríða fyrir hönnun og útstillingum.
- Gott auga fyrir smáatriðum og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góðir samskiptahæfileikar.

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Útstillingar í verslunarrými og gluggum í verslunum 66°Norður.
- Hönnun, innleiðing og eftirfylgni á ferlum og áætlunum fyrir útstillingar í verslunum.
- Undirbúningur og þátttaka í myndatökum.
- Uppsetning í sýningarrýmum.
- Finna efni og hluti í útstillingar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir: elin@66north.is.

Áhugasamir sækja um á www.66north.rada.is fyrir 1. nóvember.



Við hjá H:N leitum að grafískum hönnuði sem getur leitt skemmtileg og krefjandi verkefni. Það myndi ekki skemma ef viðkomandi gæti aukinheldur:

- vaknað fyrir hádegi
- fílað sig vel innan um skemmtilegt fólk
- haft áhuga á hönnun
- spilað Fußball
- haft unun af fjölbreyttum áskorunum
- liðið vel í hringiðu miðborgarinnar

Umsóknir sendast til atvinna@hn.is eigi síðar en **27. október**.

Nánar á hn.is/atvinna



H:N MARKAÐSSAMSKIPTI

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRI Á HEILBRIGÐISSVIÐI

STARFSSVIÐ

- Kynning, markaðssetning og sala á hjúkrunarvörum og lækningatækjum til heilbrigðisstofnana
- Myndun og viðhald viðskiptatengsla við heilbrigðisstarfsfólk
- Kennsla og innleiðing auk eftirfylgni
- Greining og undirbúningur nýrra markaðstækifæra
- Útboðs- og tilboðsgerð
- Samskipti við erlenda birgja

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda t.d. hjúkrunarfræði eða heilbrigðisverkfræði
- Viðbótarmenntun á sviði viðskipta er kostur
- Þekking og reynsla úr sambærilegum störfum er kostur
- Góð greiningarhæfni og eiginleiki til að túlka og leggja fram niðurstöður og tillögur
- Fagmennska og frumkvæði, jákvæðni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Bryndís deildarstjóri á Heilbrigðissviði Icepharma (sbs@icepharma.is eða 520 4304).

Umsóknir óskast sendar fyrir 24. október á netfangið atvinna@icepharma.is, merkt „Heilbrigðissvið“. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Heilbrigðissvið Icepharma er leiðandi í ráðgjöf, sölu og þjónustu á vörum fyrir íslenskan heilbrigðismarkað. Helstu viðskiptavinir Heilbrigðissviðs Icepharma eru heilbrigðisstofnanir og apótek.

Icepharma er leiðandi fyrirtæki á íslenskum heilbrigðismarkaði og hefur það að markmiði að styðja við almenna lýðheilsu. Hjá fyrirtækinu starfa 90 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma leggur metnað sinn í að vera fyrirmyndarvinnustaður og leggur áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • icepharma.is

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

VARÐSTJÓRI Í FLUGVERNDARDEILD Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru stjórnun flugverndarstarfsmanna ásamt daglegri skipulagningu vakta. Umsjón og eftirlit á skráningum á vöktum, ásamt því að tryggja að framkvæmd flugverndar sé samkvæmt verklagi og þjónustumarkmiðum Isavia.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð þjónustulund
- Reynsla af flugvernd
- Reynsla af stjórnun nauðsynleg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna vel undir álagi
- Geta til að stjórna jafningjum og leiða breytingar

Almennt er þess krafist að allir umsækjendur búi yfir færni til að tjá sig á íslensku og ensku, auk almennrar tölvuþekkingar. Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.



Jafnaunauttækt
PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnaunauttækt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, kröfta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



Arnar starfar við flugvernd á Keflavíkurflugvelli. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

UMSÓKNARFRESTUR:
27. OKTÓBER 2016

UMSÓKNIR
ISAVIA.IS/ATVINNA





Gæðastjóri ORA

Ísam var stofnað 15. apríl 1964. Félagið er með starfssemi á 5 stöðum. Frá upphafi hefur verið lögð höfuðáhersla á að flytja inn og markaðssetja þekktar gæðavörur í náinni samvinnu við framleiðendur þeirra og viðskiptavini.

Niðursuðuverksmiðjan Ora hf var stofnuð árið 1952 og er þekkt fyrir gæðavörur. Ora er í dag framleiðsludeild innan Ísam, bæði fyrir innanlandsmarkað og útflutning.

Innan Ísam eru í dag starfræktar 5 söluveildir, eigið vöruhús og annast fyrirtækið vöruafgreiðslu með eigin bílum. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 370.

www.isam.is - www.ora.is

Ísam auglýsir lausa stöðu gæðastjóra ORA. Leitað er að einstaklingi með þekkingu á gæðamálum í krefjandi umhverfi. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

Helstu verkefni

- Stýrir gæðavinnu og ber ábyrgð á gæðakerfi samkvæmt stöðlum
- Ábyrgð á mælingum og eftirlit með framleiðslu
- Ábyrgð á vörulýsingum og merkingum
- Þátttaka í vöruþróun
- Samskipti við hagsmuna- og lögaðila
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði matvæla eða sambærilegu
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þekking á stöðlum (HACCP, BRC og MSC) er kostur
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



PACKAGING SPECIALIST

Össur is looking for an ambitious person to join the Design Center team as a Packaging Specialist. The Packaging Specialist has the overall responsibility of managing the current corporate portfolio of packaging, along with new structural design and implementation.

The Packaging Specialist will work closely with other departments through new design projects, and will be responsible for communication with manufacturing vendors and partners globally.

RESPONSIBILITIES:

- Become a dynamic member of the Össur Design Center team
- Strategically manage the packaging portfolio on global level
- Structural design of packaging, materials and optimization from a logistical and cost perspective
- Participate in R&D project teams, focusing on packaging
- Manage partnership with vendors
- Maintain comprehensive quality systems/controls in order to ensure that R&D functions are operating in full compliance with current policies for the environment, and other standard operating procedures
- Provide guidance on best practice in packaging design and manufacturing

QUALIFICATIONS:

- BA or BS in Engineering or Industrial Design
- Experience in structural packaging design
- Minimum of 5 years' professional experience
- Ability to effectively manage global projects and teams
- International experience
- Strong communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

GLOBAL PRODUCT MANAGER

Össur is looking for an ambitious individual to join our team as a Global Product Manager. The Global Product Manager has the overall responsibility for strategically managing an assigned product line with the aim of growing profitable market share. The Global Product Manager works closely with other departments across the globe to identify needs and new product opportunities in the prosthetic market segment.

RESPONSIBILITIES:

- Strategically manage a product portfolio
- Identify and implement new business opportunities related to the assigned product line
- Develop product positioning and manage the product lifecycle
- Successfully launch new products to the market in collaboration with other departments
- Create and drive global marketing strategy in cooperation with global business units

QUALIFICATIONS:

- Master's level education in engineering or business
- Minimum 5 years' experience in marketing and/or business development
- Ability to effectively manage global projects and teams across functions
- International experience
- Strong communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

Application period until **October 24th 2016**.

Please apply on our website:

ossur.is/mannaudur under the appropriate position.

For further information contact Human Resources tel. 515 1300



Jafnlaunaúttekt
PwC
2014

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA HJÁ FRAMSÆKNU OG SKEMMTILEGU FYRIRTÆKI?

A4

Við hjá A4 óskum eftir að ráða kraftmikinn einstakling í starf vörustjóra kennslubúnaðar og námsbóka

HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI:

- Uppbygging og þróun vöruflokka
- Finna tækifæri og fylgjast með nýjungum í vöruflokkum
- Markaðssetning vörumerkja
- Áætlanagerð og utanumhald um vörumerki og birgja
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Samstarf við aðrar deildir fyrirtækisins
- Innkaupastýring í samræmi við sölu- og markaðsáætlanir
- Eftirlit með birgðastöðu
- Tilboðs- og samningagerð

KRÖFUR UM HÆFNI OG PERSÓNULEGA EIGINLEIKA

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla úr skólasamfélaginu kostur en ekki nauðsyn
- Reynsla af vörustjórnun
- Vilji til að byggja upp ýtarlega þekkingu á vörum fyrirtækisins og miðla henni til samstarfsfólks
- Góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og vilji til að ná árangri í starfi
- Hæfni til þess að tjá sig á ensku í rituðu og töluðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Alfa Lára Guðmundsdóttir, í síma 580-0000. Umsóknir ásamt ferilskrá sendast á netfangið alfa@a4.is. Umsóknarfrestur er til og með **23. október 2016**.

A4 er framsækið fyrirtæki og leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara og leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini. Við erum stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 starfsmenn.

Sérfræðingur á burðarneti

Við leitum að ábyrgðarfullum og metnaðargjörnum starfsmanni til starfa við gagnaflutningsnet Vodafone. Starfið felur í sér hönnun, uppsetningu og rekstur á flutningskerfum í rekstri hjá Vodafone, auk víðtæks ljósleiðaranets.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði nauðsyn
- Reynsla af rekstri rásaskiptra og/eða IP fjarskiptakerfa mikill kostur
- Samskiptahæfileikar og geta til að halda mörgum boltum á lofti í einu

Umsóknarfrestur er til og með **23. október nk**.
Nánari upplýsingar er að finna á vodafone.is/storf

Vodafone

Við tengjum þig



Slástu í Hekluhópinn



Við hjá HEKLU leitum að kraftmiklum og hæfileikaríkum einstaklingum til starfa.

■ Gæðaúttekt bíla

Starfssvið

- Gæðaprófun bíla að lokinni viðgerð.

Hæfniskröfur

- Bifvélavirki eða sambærileg menntun eða reynsla.
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir starfsmannastjóri í síma 590 5655 eða sigridur@hekla.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. október. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu HEKLU, www.hekla.is.

■ Forgreining

Starfssvið

- Forgreining fyrir verkstæði.
- Frummat á þörf og umfangi viðgerðar, undirbúningur verks og mat á varahlutabörf.

Hæfniskröfur

- Bifvélavirki.



HEKLA

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.



Waldorfskólinn Sólstafir auglýsir

Laust starf stuðningsaðila á yngsta stigi fyrir skólaárið 2016-2017.

Skólinn er sjálfstætt starfandi almennur grunnskóli sem starfar eftir aðferðafræði Waldorfskólafélaganna.

Nánari upplýsingar á solstafir@waldorf.is

Söluráðgjafi



Kælitækni óskar eftir að ráða öflugan söluráðgjafa

Um er að ræða sölu á ýmsum kælum & frystum inn á verslana- og veitingamarkaðinn s.s. kæli- & frystiskápa, hillukæla, blandara kæli- & frystiklefa ofl.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnátta
- Samskiptahæfni
- Frumkvæði
- Markaðshugsun



Skriflegar umsóknir óskast sendar á cooltech@cooltech.is fyrir 22. október.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitækni.is

NÝ TÆKNIFÆRI HJÁ NÝHERJA



Vegna aukinna verkefna í hugbúnaði og sérlausnum leitum við að öflugum liðsmönnum með brennandi áhuga á tækni og nýsköpun, góða samskiptahæfni og ríka þjónustulund.

Ráðgjafi í þjónustuferlum

Við leitum að ráðgjafa til að aðstoða viðskiptavini við uppbyggingu þjónustuferla og hugbúnaðarþróunar, einkum í JIRA beiðna- og verkefnakerfinu.

Helstu verkefni:

- » Ráðgjöf við uppsetningu, stillingar og verkferla í JIRA og tengdum kerfum
- » Ráðgjöf varðandi viðskipta- og þjónustuferla
- » Aðkoma að þróun, viðbótum og sérsníði fyrir viðskiptavini
- » Kennsla og þjálfun

Hæfniskröfur:

- » Þekking á JIRA eða sambærilegum kerfum æskileg
- » Reynsla af ráðgjöf varðandi viðskipta- og þjónustuferla æskileg
- » Þekking á ITIL ferlum kostur
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Tæknimaður í sjálfsafgreiðslulausnum

Við leitum að tæknimanni sem er jafnvigur á skrifjárn og lyklaborð til að setja upp, þjónusta og þróa sjálfsafgreiðslulausnir.

Helstu verkefni:

- » Þjónusta við hraðbanka, verslunarkerfi og sjálfsafgreiðslulausnir
- » Uppsetning á vélbúnaði og hugbúnaði
- » Utanumhald um útgáfur hugbúnaðar og rekla
- » Virkniprófanir og aðkoma að hugbúnaðarþróun
- » Viðhald og útskipti á búnaði
- » Kennsla og þjónusta við notendur

Hæfniskröfur:

- » Reynsla af upplýsingatækniþjónustu æskileg
- » Þekking á tölum og uppsetningu vélbúnaðar
- » Þekking á uppbyggingu bankaumhverfis æskileg
- » Tækni- eða háskólamenntun sem nýtist í starfi

Sækja skal um störfin á vef Nýherja, nyherji.is/atvinna.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2016.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar veitir Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, elva.tryggvadottir@nyherji.is.



Sérfræðingur á sviði matvælafræði

BioPol ehf., Sjávarlíftækni- og Skagaströnd í samstarfi við Háskólann á Akureyri óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði matvælafræði eða einstakling með sambærilega menntun. Umsækjanda er ætlað að styðja frumkvöðlastarf í matvælavinnslu sem sett verður upp í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf, sjá um samskipti við opinbera leyfisveitendur og taka þátt í þróunarverkefnum fyrirtækisins. Starfstöð viðkomandi verður á Skagaströnd.

Hæfniskröfur:

- Háskólagráða í fyrrgreindum fræðigreinum.
- Reynsla af þróunarstarfi í matvælavinnslu er kostur.
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk.

Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd.

Nánari upplýsingar veitir:
Halldór G. Ólafsson halldor@biopol.is framkvæmdastjóri
í síma 452-2977 eða 896-7977





VERKFRÆDISTOFA

S. SAGA ehf

S. Saga ehf er verkfræðistofa í Kópavogi sem sérhæfir sig í burðarvirkishönnun og ráðgjöf. Erum með verkefni á Íslandi og Noregi og vegna aukinna umsvifa leitum við starfsfólks í eftirtalin störf

Óskum við eftir að ráða byggingartækni- eða verkfræðing í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Bs í tækni- eða verkfræði skilyrði
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Tölvukunnátta

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn hönnun burðavirkis fyrir mannvirki.

Óskum einnig eftir að ráða tækniteiknara í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í tækniteiknun skilyrði
- Kunnátta í Revit og AutoCad
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni

Helstu verkefni:

- Teiknun burðavirkis
- Teiknun lagna
- Magntaka

Frekari upplýsingar veitir Vignir Jónsson í síma 859 50 90
Áhugasamir sendi umsókn á vignir@ssaga.is

Umsóknarfrestur er til 31. október.



DEILDARSTJÓRI

Við hjá Vinakoti leitum eftir öflugum DEILDARSTJÓRA til að sjá um daglegan rekstur búsetuúrræðis.

Við reukum skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnunum og ungmennunum öruggt og heimilislegt umhverfi. Lesa má meiri um okkur á www.vinakot.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að sjá um daglegan rekstur og skipulag búsetuúrræðis samskvæmt starfslýsingu deildastjóra, þ.m.t.:
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi búsetuúrræðisins
- Gera einstaklingsáætlanir í samvinnu við þroskaþjálfara, eða sambærilegan fagaðila, og fylgja eftir að unnið sé í samræmi við þær
- Sjá um almennt starfsmannahald

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reyndsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglíngum með fjölþættan vanda
- Þekking á einhverfu og/eða fjölþættum vanda
- Sveigjanleika og færni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög
- 25 ára eða eldri

Aðrir þættir eru máli skipta

- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100% og ráðið er til framtíðar.

Umsóknarfrestur er til 18. október og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir John Bond, deildarstjóri, á jb@vinakot.is og Sóley Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, á soley@vinakot.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is merkt "DEILDARSTJÓRI"

Fagmennska, umhyggja og traust eru gildin sem við vinnum eftir

Innanhússarkitekt

Innlifun ehf, sem sérhæfir sig í sölu á vönduðum og fjölbreyttum þýskum eldhúsinnréttingum frá Alno, Wellman og Impuls, óskar eftir innanhússarkitekt til starfa til að anna aukinni eftirspurn eftir innréttingum.

Hjá Innlifun er mikil áhersla lögð á góða, faglega og vandaða þjónustu við áhugasama kaupendur. Mikill metnaður er lagður í ráðgjöf, hönnun og útfærslu á innréttingum með persónulegri þjónustu. Reyndsla af teikniforritum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Vinnutími frá 11-18 virka daga og 11-16 annan hvern laugardag.


Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á gudrun@innlifun.is eigi síðar en sunnudaginn 23. október.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með upplýsingar sem trúnaðarmál.

INN
lifun

Suðurlandsbraut 26 • Sími: 587 2700

Opið 11-18 virka daga og 11-16 laugardaga • www.alno.is



LAUNASÉRFRÆÐINGUR

Marel leitar að reyndum og mjög talnaglögum einstaklingi til starfa á launasviði. Starfið felst meðal annars í úrvinnslu, launagreiningum og upplýsingagjöf til starfsmanna. Starfið heyrir undir mannauðsstjóra.

Starfssvið:

- Vinnsla launabókhalds, þ.m.t. útreikningur, skil og frágangur launatengdra gjalda, útreikningur á fjarvistum og orlofi skv. kjarasamningum.
- Greiningarvinna, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála.
- Undirbúningur, úrvinnsla og kynningar á launakönnunum.
- Upplýsingagjöf og samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og starfsstöðvar Marel erlendis.
- Þátttaka í sérverkefnum t.d. starfaflokkun, eftirfylgni launastefnu o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Mjög góð þekking og reyndsla af launavinnslu er nauðsynleg.
- Þekking og reyndsla af launakerfum, launakönnunum, launastefnum, kjarasamningum og vinnurétti.
- Brennandi áhugi á tölum, greiningarvinnu og úrvinnslu gagna og mjög góð færni í Excel.
- Þekking og reyndsla í Dynamics Axapta, SAP og Workday er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð enskukunnátta bæði í tali og ritun.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, drifkraftur og frumkvæði.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2016. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, marel.is/storf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri í síma 563 8000 eða með tölvupósti á sigridur.stefansdottir@marel.com.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsuefingu starfsfólks m.a. með góðu mótuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.



Vilt þú vera?

Þjónustustjóri hjá AP-Þrif

Umsóknarfrestur
23. október

AP-Þrif óskar eftir að ráða öflugan þjónustustjóra með framúrskarandi samskiptahæfni. Um er að ræða krefjandi starf í fjölþjóðlegu umhverfi. Þjónustustjóri leiðir hóp starfsfólks og er m.a. ábyrgur fyrir þjálfun, frammistöðu hópsins og samskiptum við viðskiptavini.

AP-Þrif ehf. er ungt og framsækið hreingerningafyrirtæki sem formlega tók til starfa í júlí 2006. Helsta sérsvið fyrirtækisins er iðnaðarþrif fyrir byggingarverktaka og gluggaþvottur, en einnig hefur það verið að bjóða upp á almenn þrif í auknum mæli. Gildi þess eru fagmennska, þjónustulund, heiðarleiki.

Sæktu um starfið á
**vinna.is/storf/
thjonustustjori**

- Hæfniskröfur
- Bílpróf og hreint sakarvottorð skilyrði.
- Reynsla af ræstingum skilyrði.
- Verður að vera Íslensku- og/eða enskumælandi.
- Heiðarleiki og frumkvæði.
- Þjónustulund og metnaður. Sjálfstæði í vinnubrögðum. Framúrskarandi færni í samskiptum.

Athugið að áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða metnar jafnóðum.

vinna.is

capacent



VERKEFNASTJÓRI Á SKRIFSTOFU SÁLFRÆÐIDEILDAR

Auglýst er laust til umsóknar 75% starf verkefnastjóra á skrifstofu Sálfræðideildar Háskóla Íslands. Leitað er að þjónustulunduðum, liprum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum.

HELSTU VERKEFNI:

- Afgreiðsla, þjónusta og upplýsingagjöf
- Skjalavarsla
- Undirbúningur fyrir viðburði og fundi
- Vinna við kennsluskrá
- Undirbúningur fyrir brautskráningu

HELSTU MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf sem nýtist starfi er æskilegt
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Góð færni í íslensku og ensku, bæði ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk.

Nánari upplýsingar veitir Ingiríður Þórisdóttir, deildarstjóri Sálfræðideildar í síma 525 5269 eða með tölvupósti í netfangið ingirid@hi.is.

Sálfræðideild er ein sex deilda á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Við Sálfræðideild er bæði boðið upp á grunn- og framhaldsnám. Við deildina starfa 16 fastráðnir kennarar og fjöldi stundakennara. Nemendur eru 572.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SÁLFRÆÐIDEILD

Trésmiðir/Nemar óskast



Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smíði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is

ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING



í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari



Starfsmaður óskast í viðhald tækja og fasteigna.

Aðföng leitar að úrræðagóðum viðgerðamanni til að sinna viðhaldi og viðgerðum á vöruhúsi og tækjakoosti Aðfanga. Viðkomandi þarf að geta sinnt smærri viðgerðum á lyfturum og húsnæði og haft umsjón með verkötum við stærri viðgerðir.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Lyftararéttindi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf og lipurð í samskiptum

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu okkar, www.adfong.is. Óskað er eftir að ferilskrá fylgi með umsókn.



Stoð hf. stoðtækjasmíði óskar eftir að ráða starfsmann á verkstæði

Verkefni:

- Stoðtækjasmíði og önnur verkefni við framleiðslu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla á sviði stoðtækjasmíði er kostur
- Reynsla í meðferð koltrefja og plastefna er æskileg
- Skipulögð, öguð og metnaðarfull vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til að starfa í hóp
- Reynsla af Navision og almenn tölvukunnátta er kostur

UM ER AÐ RÆÐA STARF MEÐ MIKLA MÖGULEIKA Á STARFSÞRÓUN Í FRAMTÍÐINI.

Hjá Stoð starfar nú 27 manna samhentur hópur í gefandi starfsumhverfi.

Stoð hf. stoðtækjafyrirtæki framleiðir og flytur inn og stoð- og hjálparkæki, www.stod.is.

Umsjón með ráðningu: Elías Gunnarsson, framkvæmdastjóri sími 565-2885 / 896-0916.

Umsóknarfrestur til: 20. Október 2016

Stoð hf. • Trönuhrauni 8 • 220 Hafnarfirði

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

**Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing til starfa á sviði hafeðlisfræði.
Um fullt starf er að ræða og heyrir staðan heyrir undir sviðstjóra umhverfis.**

Helstu verkefni

- Þátttaka í rannsóknarverkefnum
- Vinna með straum- eða haflíkön
- Gagnasöfnun á sjó
- Úrvinnsla gagna og birting niðurstaðna
- Vinna með öðrum rannsóknasviðum stofnunarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa lokið doktors- eða meistaraþrófi í hafeðlisfræði, hafa reynslu af rannsóknum og birtingu niðurstaðna.

Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á straum- eða haflíkönum og reynslu af notkun þeirra.

Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2016.

Umsókn óskast send á netfangið umsokn@hafogvatn.is merkt sérfræðingur í hafeðlisfræði eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Helgadóttir mannauðsstjóri, kristin.helgadottir@hafogvatn.is og Héðinn Valdimarsson sviðstjóri, hedinn.valdimarsson@hafogvatn.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 160 starfsmenn í þjónustu sinni.



VERKEFNISSTJÓRI JARÐHITABORANA

- komdu og finndu kraftinn með okkur

Orka náttúrunnar óskar eftir að ráða öflugan verkefnisstjóra til að stýra og hafa eftirlit með þeim jarðhitaborunum sem framundan eru á Hengilssvæðinu. Við leitum að sannkölluðum orkubolta: Reynslumikilli og jákvæðri mannskju til að takast á við fjölbreyttar og krefjandi áskoranir.

Starfssvið:

- Ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd jarðhitaborana
- Sérfræðieftirlit á verkstað meðan á borun stendur
- Umsjón með öflun aðfanga til borunar á vinnslu- og niðurdælingarholum
- Eftirfylgd með öryggis- og umhverfiskröfum ON
- Aðkoma að framþróun verklags við verkefnisstjórnun og sérfræðieftirlit

Hæfniskröfur:

- Reynsla af jarðhitaborunum er nauðsynleg
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Yfirsýn og skipulagsfærni
- Frumkvæði og drifkraftur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Umsóknum skal skilað á [ráðningarvef ON, starf.on.is](http://radningarvef.on.is). Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur - starf@on.is.

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is



Jafnlaunaúttekt
PwC
2015



ORKA NÁTTÚRUNNAR

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur:
Til og með 28. október 2016



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Fellaskóli auglýsir tvö störf laus til umsóknar

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli í Reykjavík með um 320 nemendur. Í Fellaskóla er lítið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarfið og lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga.

Við leitum að góðum liðsmönnum sem eru tilbúnir til að vinna í samheldnum og öflugum starfsmannahópi að þróun skólastarfs þar sem allir eru á heimavelli.

Grunnskólakennari í 100% starf

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsfólki
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk
- Að vinna í teymi með öðru starfsfólki

Hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Áhugi á að starfa með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi
- slenskukunnáttá

Umsjónarmaður skóla í 100% starf

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með fasteignum og búnaði skólans
- Hefur eftirlit með ræstingum og sér um innkaup
- Er næsti yfirmaður skólalíða
- Er tengiliður við iðnaðarmenn og aðra sem koma að framkvæmdum við skólann
- Er tengiliður við leigutaka

Hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Iðnmenntun æskileg

Umsóknarfrestur um bæði störf er til 31. október 2016.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarféлага.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri, í síma 4117530 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið sigurlaug.hrund.svavarsdottir@rvkskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

VILTU VERA MEÐ OKKUR Í LIÐI?

Við leitum að einstaklingi með góðan tæknilegan skilning og hæfni til að starfa við framleiðsluvélar í tæknilega flóknu umhverfi.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Vinna við framleiðsluvélar í framleiðslusal Ölgerðarinnar
- Stilla og stýra vélbúnaði þannig að framleiðsla á hágæðavörum sé tryggð
- Ná hámarks afköstum fyrir hverja framleiðslulotu með hagkvæmni og góða nýtingu að leiðarljósi

HÆFNISKRÖFUR:

- Fagmaður sem hefur metnað til að gera betur í dag en í gær - skilyrði
- Eljusemi og jákvæðni - skilyrði
- Nám og/eða reynsla af vélvirkjun, bifvélavirkjun, vélstjórn, mjólkurfræðingur eða sambærilegt - kostur en ekki skilyrði.

Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfshlutfalli.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is



Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



RST Net

RST Net ehf leitast að metnaðarfullum **véliðnaðarmönnum** og **rafiðnaðarmönnum** til starfa sem fyrst við uppsetningu, þjónustu og viðgerðir á vél- og rafbúnaði. Góð fagmennska, samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynleg. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af störfum í raforku- eða iðnaðarumhverfi.

Áhugasamir sækji um á www.rst.is undir

Starfsumsóknir eða með því að senda umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið kt@rst.is



Starfsmaður í gestamóttöku

101 Hótel auglýsir eftir brosmildum og lífsglöðum einstaklingi sem veitir framúrskarandi þjónustu. Starfið er fjölbreytt og felst m.a í móttöku og aðstoð við gesti, umsjón með minibar, bókunum, og símaþöngu. Unnið er á 2-3 vöktum allt árið um kring. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnáttá
- Góð töluð og rituð íslenska og enska
- Snyrtimennska og reglusemi
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf
- Reyklausa

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilsskrá með mynd merkt „**Gestamóttaka 101 hótel**“ á netfangið job@101hotel.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2016.



Söluráðgjafi

Kælitækni óskar eftir að ráða öflugan söluráðgjafa



Um er að ræða sölu á ýmsum kælum & frystum inn á verslana- og veitingamarkaðinn s.s. kæli- & frystiskápa, hillukæla, blandara kæli- & frystiklefa ofl.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnáttá
- Samskiptahæfni
- Frumkvæði
- Markaðshugsun



Skriflegar umsóknir óskast sendar á cooltech@cooltech.is fyrir 22. október.

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík - Sími 440 1800 - www.kaelitaekni.is



Ert þú snar í snúningum?

Flúgger ehf. óskar eftir verktaka með eigin bifreið til að sjá um útkeyrslu á vörum fyrirtækisins.

Um er að ræða akstur á höfuðborgarsvæðinu, til eigin verslana, akstur á flutningastöðvar og útkeyrslu til viðskiptavina.

Að auki önnur tilfallandi verkefni. Fastur vinnutími er 8 klst. á dag eða eftir samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband við Halldór Snorrason í síma 567 4438 eða hasn@flugger.com.

Flúgger litir



Skipulags- og byggingarfulltrúi í Eyjafirði

Auglýst er eftir skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar til starfa fyrir Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp. Íbúafjöldi samtals í þessum sveitarfélögum er um 2.400. Starfsstöð verður á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar í Hrafnagilshverfi, sem er um 15 mínútna akstur frá Akureyri.

Staða skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er ný. Við leitum að öflugum og hæfum einstaklingi sem hefur metnað og áhuga á að byggja upp og þróa starfið í samstarfi við sveitarfélögin og vilja til að vaxa faglega með því.

Skipulags- og byggingarfulltrúi fer með framkvæmd skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við sveitarstjórnir og nefndir sveitarfélaganna fjögurra. Þannig tekur fulltrúinn á móti skipulags- og byggingaerindum, undirbýr og situr fundi byggingarnefndar og skipulagsnefnda sveitarfélaganna, sinnir úttektum og vettvangsathugunum, gefur út framkvæmdaleyfi og sinnir öðrum verkefnum sem eftir eðli falla undir verksvið hans.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur náð með sveitarstjórum. Við mat á umsóknum er horft til menntunar og reynslu.

Umsækjendur skulu fullnægja menntunar- og hæfniskröfum skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Áreiðanleiki umsækjanda og gott orðspor í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Til greina kemur að sótt verði um tímabundna undanþágu frá hæfisskilyrðum gr. 2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að öðrum skilyrðum uppfylltum, hafi enginn umsækjanda fullgild réttindi til að verða skipulagsfulltrúi þegar ráðið verður í starfið.

Sveitarfélögin sem að skipulags og byggingarfulltrúa-embættinu standa eru hvert um sig sjálfstæð skipulagsheild. Verkefni embættisins markast af fjölbreyttri samfélagsgerð sveitarfélaganna þar sem m.a. eru þéttbýliskjarnar, eitt öflugasta landbúnaðarsvæði landsins, iðnaður og ferðaþjónusta, auk trausta innviða í sveitarfélögum. Fyrirhugað er að embættið hafi fasta starfsstöð á nýlega endurnýjaðri skrifstofu Eyjafjarðarsveitar í Hrafnagilshverfi.

Umsóknir ásamt fylgigögnum og öðrum upplýsingum er tilgreini m.a. meðmælendur skal senda á netfangið olafur@esveit.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Rúnar Ólafsson í síma 463 0600.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2016.



LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI ... ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

Bráðaöldrunarlækningadeild B-4

SJÚKRALIÐI

Við leitum eftir faglegum, jákvæðum og lífsglöðum sjúkraliða sem hefur áhuga á að hjúkra öldruðum. Á bráðaöldrunarlækningadeild fer fram greining og meðferð bráðra sjúkdóma hjá öldruðum.

Deildin er bráðadeild með 22 rúm og þar starfa um 50 manns í þverfaglegu teymi. Lögð er áhersla á góð samskipti við sjúklinga, fjölskyldur þeirra og samstarfsfólk á deild.

Háls-, nef- og eyrnalækningar

YFIRLÆKNIR

Starf yfirlæknis háls-, nef- og eyrnalækninga á skurðlækningasviði er laust til umsóknar.

Starfið er leiðtogahlutverk sem felur í sér faglega ábyrgð, starfsmanna-ábyrgð og rekstrarábyrgð á sviði háls-, nef- og eyrnalækninga, auk þess sem yfirlæknir HNE gegnir mikilvægu hlutverki í ferliþjónustu og þverfaglegu samstarfi.

Heilbrigðistækni

TÆKNIMAÐUR JÁEINDASKANNA OG LÍNUHRAÐALS Á HUT

Með tilkomu jáeindaskanna og nýs línuhraðals á Landspítala óskum við eftir öflugum og metnaðarfullum rafeindavirkja eða starfsmanni með sambærilega menntun í okkar lið á heilbrigðistæknieiningu HUT, heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala.

TÆKNIMAÐUR

Við viljum ráða metnaðarfullan tæknimann með hæfni í mannlegum samskiptum. Deildin sér um almennan rekstur, viðhald og viðgerðir á lækningatækjum spítalans.

Um 200 manns starfa á HUT, þar af um tuttugu á heilbrigðistæknieiningunni sem sjá um almennan rekstur, viðhald og viðgerðir á lækningatækjum spítalans.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG WWW.STARFATORGI.IS

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

LÆKNISSTAÐA Á HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

LÆKNI VANTAR Í HEILSUGÆSLU HSA

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir að ráða lækni til starfa með aðalstarfsstöð á Heilsugæslustöðinni Djúpvaggi og sem jafnframt þjóni Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Staðan veitist frá 1. janúar 2017 eða eftir nánara samkomulagi.

Djúpvogur er ein ellefu starfsstöðva á stóru þjónustusvæði HSA, þar sem lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna og annars fagfólks og ekki síður samvinnu á milli starfsstöðva og þar með talið og eftir atvikum vissan hreyfanleika milli þeirra líka. Ýmis sérfræðipjónusta er í boði innan þjónustusvæðis HSA og þar er löng reynsla af kennslu læknana, kandiáttu og sérfræðinema í heimilislækningum. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna með öðru fagfólki, þ.á.m. hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraljálfurum og iðjubjálfum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum og kennslu er æskileg.

Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi er skilyrði, sérfræðimenntun í heimilislækningum eða eftir atvikum annarri sérgrein er æskileg.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.
- Vilji til þverfaglegar samvinnu (teymisvinnu).
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Íslenskukunnátta og almenn ökuréttindi áskilin.

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpvaggi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins.

HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.



Ljósmynd: Djúpvagshreppur/Búlandstindur

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2016.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands, en áhugasamir eru hvattir til að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um kjör.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og starfsleyfi og ef við á um rannsóknir og greinarskrif. Viðtöl verða tekin við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Nánari upplýsingar veita: Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is, Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emils@hsa.is og Kristín B. Albertsdóttir forstjóri HSA s. 470-3051 og 866-8696, netf. kba@hsa.is. www.hsa.is

Laganemi/Lögfræðingur

KM lögmannsstofa óskar eftir að ráða laganema í masters-námi eða nýútskrifaðan lögfræðing í 30-50% hlutastarf.

Æskilegt er að viðkomandi búi yfir frumkvæði, dugnaði, stundvísi og hafi gott tak á íslenski tungu.

Umsóknir skal senda á netfangið magnus@kml.is



Skrifstofustarf hjá ÍR

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) auglýsir eftir starfskrafti á skrifstofu félagsins.

Starfssvið:

Símsvörun og upplýsingagjöf um starfsemi félagsins. Umsjón með innheimtakerfi og ráðgjöf við notendur þess hjá félaginu.

Innsetning efnis og fréttu á vef ÍR og samfélagsmiðla.

Hæfniskröfur/reynsla/menntun:

Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund á háu stigi.

Reynsla af vinnu við innheimtakerfi og eða bókhald er kostur.

Góð hæfni í ritaðri og mæltri íslensku og ensku. Metnaður til að ná árangri.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist í tölvupósti á netfangið thrainn@ir.is eða á skrifstofu ÍR,

Skógarseli 12, 109 Reykjavík, merkt „skrifstofustarf“.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október n.k.

Nánari upplýsingar:

Þráinn Hafsteinsson Íþróttastjóri ÍR í síma 863-1700, 587-7080 eða með tölvupósti thrainn@ir.is

RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Forstöðumaður búsetukjarna fyrir fatlað fólk

Seltjarnarnesbær auglýsir eftir forstöðumanni búsetukjarna fatlaðs fólks. Um er að ræða nýtt starf í mótun sem felur einnig í sér þátttöku í skipulagningu og stjórnun þjónustu við fötluð börn og fullorðna í bæjarfélaginu.

Starfshlutfall er 100% og þess er óskað að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fagleg og fjárhagsleg umsjón og ábyrgð á starfsemi búsetukjarnans að Sæbraut 2.
- Mat á þörf einstaklinga fyrir þjónustu og tilhögun hennar.
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu innan félagsþjónustu bæjarfélagsins.
- Ráðgjöf til handa starfsfólki bæjarfélagsins og yfirstjórn þess um málefni fatlaðs fólks.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði mennta-, félags- eða heilbrigðisvísinda. Meistaránám æskilegt.
- Viðtæk reynsla af störfum með fötluðu fólki og aðstandendum þess.
- Þekking og reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi.
- Rík þjónustulund, frumkvæði og metnaður.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, stundvísi og áreiðanleiki.
- Skipulagsfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Í boði er:

- Áhugavert starfsumhverfi.
- Fjölbreytt og lærdómsrík verkefni.
- Öflugur stuðningur og leiðsögn í starfi.

Laun eru samkvæmt þeim kjarasamningi sem við á og nánara samkomulagi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns. Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri (snorri@seltjarnarnes.is) í síma 595 9100.

Sótt er um starfið á vef Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til og með **30. október n.k.**

Umsókn þarf að fylgja náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR



MOSFELLSBÆR

Laus störf í leikskólanum Leirvogstunguskóla

Leikskólakennari og annað starfsfólk óskast til starfa við leikskólann Leirvogstunguskóla í Mosfellsbær.

Leirvogstunguskóli er þriggja deilda nýlegur og famsækinn leikskóli með um 70 nemendum á aldrinum 2-6 ára. Í skólanum er unnið öflugt og skemmtilegt starf þar sem kærleikur og gleði ræður ríkjum. Við vinnum eftir k ennsluaðferðinni “Leikur að læra” þar sem lögð er áhersla á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu og skynjun. Mörg spennandi verkefni framundan m.a. erum við í Erasmus verkefni.

Fyrir áhugasama sem vilja slást í hópinn og vinna skemmtilegt starf í góðum vinnuanda

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, önnur háskólamenntun, reynsla af sambærilegu starfi eða reynsla sem nýtist í starfi með börnum.
- Áhugi og metnaður fyrir að vinna með börnum.
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæðni og sjálfstæðni

Laun eru greidd í samræmi við kjarasamninga sambands íslenskra sveitafélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsókn ásamt ferilsskrá skulu berast á netfangið leirvogstunguskoli@mos.is

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Björg Pálsdóttir leikskólustjóri og Líney Ólafsdóttir aðstoðarleikskólustjóri í síma 5868648

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Trésmiðir/Nemar óskast



WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði



FANNDALSLAGNIR EHF ÓSKA EFTIR VÖNUM PÍPULAGNINGAMÖNNUM TIL STARFA.

Fannaldslagnir óska eftir pípulagningamanni til starfa. Umsækjandi þarf að vera vanur störfum við pípulagnir. Sveinspróf í faginu er kostur. Umsækjandi þarf að geta starfað sjálfstætt í verkefnum. Fjölbreytt og næg verkefni framundan. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í gegnum netfang jonfannald@simnet.is eða í síma 691-5698

Píratar bjóða frjálssar handfæraveiðar öflugt við XD. XB og viðreisn.

Vantar kokk, pizzabakara og þjónustustúlku fyrir veitingastað og kaffibar. Upplýsingar í síma 6633239.

Óska eftir húsnæði fyrir erlenda starfsmenn. Uppl. í s: 899-9177

TILKYNNINGAR

Starfsmaður með kranaréttindi óskast í byggingavinnu.

Meklejam darbinieku uz krana ar sertifikatu.

Poszukujemy operatora dzwigu do firmy budowlanej. Uppl. í s: 783 6006

Einkamál

SÍMADÖMUR 908 1666 Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDALÁUS

SÍMTÖL & SMS

Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB	1 GB	5 GB	30 GB*
790 KR	1680 KR	2680 KR	2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

skemmtanir



Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Hljómsveitin Klettur

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 15. okt

13:50 Arsenal - Swansea City

16:20 Crystal Palace - W.H.United

Mánudaginn 17. okt

19:00 Liverpool - Man.United



Rúnar Þór,
Rúnar Vilbergs,
Björgvin Gísla
og Siggí Árna
spila í kvöld.

Allir velkomnir



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

BORGARSTJÓRINN

eftir Jón Gnarr



FRUMSÝNING
★ Í OPINNI ★
DAGSKRÁ
KL. 19:35
SUNNUDAG



Rvk.
STUDIOS

Á LEIKVANGINUM

Karamellumoli
í konfektkassa

Það eru ekki margir sem tengja **Diego Costa** við neitt sem er rólegt og rómantískt. En hann leynir á sér og er grjótharður að utan en silkimjúkur hið innra.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Diego Costa, markahæsti leikmaður enska boltans með sex mörk, er fæddur í Brasilíu í bænum Lagarto. Hann spilar þó fyrir Spán. Hann er einn umdeildasti leikmaður ensku Úrvalsdeildarinnar og nánast allir sófastuðningsmenn hér heima hafa skoðun á honum. Hvort hann sé frábær framherji eða hreinlega vond manneskja.

Faðir Diegos Costa, Jose de Jesus, skírði hann í höfuðið á Diego Maradona sem er svölitið undarlegt þar sem Argentína og Brasilía hafa oftar en ekki eldað grátt silfur, sérstaklega á fótboltavellinum. Fjölskyldan var fátæk en þabinn vann mikið og sá um mat á borðið. Í heimildarmynd Canal Plus kemur fram að Costa var mjög ör sem barn og mjög ákveðinn. „Oftar en ekki enduðu málin hjá honum með því að hnefarnir voru látnir tala,“ sagði faðir hans í myndinni.

Þar kom fram að í bænum voru engir fótbolta-vellir og ekkert íþróttastarf þegar Costa var að alast upp. Til að spila fótbolta þurftu guttarnir því að spila á götunni. Þar voru reglurnar aðeins öðruvísi. Í viðtali við El País árið 2012 sagði Costa um uppvaxtar-árin að hann hefði þurft að hafa fyrir hlutunum og hverjum einasta bolta í hverri einustu sókn. „Ég hélt að það væri eðlilegt að gefa öðrum leikmönnum olnbogaskot þegar ég byrjaði að æfa.“

Sextán ára flutti hann frá Lagarto til Sao Paulo og sá fyrir sér með því að selja ódýrar eftirlíkingar í verslunarmiðstöðvum. Hann gekk þó í raðir Barcelona Esportivo Capela til að sjá fyrir sér. Hann fékk fljótlega fjögurra mánaða bann fyrir að kýla andstæðing og ætla hreinlega í dómarrann sem gaf honum rauða spjaldið. En leikstíll hans hafði vakið athygli og einn

Spænskur Brassi

Í september 2013 sótti Spánn um leyfi hjá FIFA til að kalla Costa í landsliðshóp sinn. Hann hafði orðið spænskur ríkisborgari í júlí sama ár. Costa hafði aðeins spilað æfingaleiki með landsliði Brasilíu og því mátti hann skipta um landslið. Þáverandi landsliðsþjálfari Brasilíu, Luis Felipe Scolari, sagði að Costa væri að snúa baki við þjóðinni.


„Að spila með fimmföldum heimsmeisturum er draumur milljóna. Hann snýr baki við þjóð sinni með því að neita að klæðast gulu treyjunni.“

Spánverjar þjuggust við miklu en fengu lítið til að byrja með. Costa var meira að segja ekki í lokahópnum sem fór á EM. En hann sannaði í vikunni að hann er kominn í markaskóna á ný.

af útsendurum ofurumboðsmannsins Jorge Mendez kom til að horfa á hann spila. Ótrúlegt en satt var banninu aflétt, Costa spilaði og var í kjölfarið seldur til Sporting Braga í Portúgal. Það er oft stutt á milli hláturs og gráts, sérstaklega í íþróttum. Fjölskyldan var þó ekki á því að hleypra drengnum til Portúgals en móðir hans, Josileide, rifjaði upp í heimildarmyndinni að Costa lét orð þeirra sem vind um eyru þjóta. „Þetta var erfður dagur. Hann stóð upp og sagði við okkur: Ef þið leyfið mér ekki að fara þá strýk ég. Ég ætla að fara.“ Diego Costa var á leið til Evrópu.

Leiðin á toppinn hefur ekki verið eftir rauða dreglinum hjá Costa, hann hefur þurft að hafa fyrir hlutunum. Þótt hann sé markahæstur í deildinni núna og skoraði í landsleikjunum með Spáni í vikunni kom smá tími þar sem allt gekk á afturfótunum. Eftir ágætan tíma hjá Braga var hann seldur til Atletico Madrid á Spáni. Þar voru þeir Diego Forlan og Sergio Aguerro fyrstu kostir í framherjastöðurnar. Costa var sendur á lán til Celta Vigo, Albacete og Real Valladolid þar sem hann varð þekktari fyrir afrek sín í spjaldasöfnun frekar en markaskorun. Loks þegar tækifærið kom hjá Atletico hefur Costa aldrei lítið um öxl. Diego Simeone setti sitt traust á hann árið 2013 þrátt fyrir að Costa hafði aldrei skorað meira en tíu mörk á tímabili. Líðið endaði sem meistari og Costa skoraði 27 mörk. Leikstíll hans hentaði liðinu og loks þurfti hann ekki að breyta sér. Hann var svo seldur í kjölfarið til Chelsea þar sem enginn skortur hefur verið á mörkum eða spjöldum hvort sem þau eru gul eða rauð.

Þrátt fyrir að vera trúlega einn hataðasti leikmaður knattspyrnunnar lýsa þeir sem standa honum næst sem frekar rólegu gæðablóði. Mario Suarez, fyrrverandi samherji hans, sagði að um leið og hann færi út á völl þá breyttist hann í þann Diego Costa sem heimurinn þekkti. Annars væri hann frekar rólegur. Eftir að Costa ákvað að spila með Spáni í stað Brasilíu var hann langt í frá vinsælasta persóna Brasilíu. En hann heldur í ræturnar og stofnaði knattspyrnskóla í Lagarto þar sem um 200 börn æfa. Og nú eru reglurnar í fótboltanum í Lagarto ekki lengur samdar á götunni. Í myndinni sagði æskuvinnur hans, Junior Menezes sem sér um daglegan rekstur skólans, að einu skilyrðin fyrir innngöngu í skólann væru að börnin sinnu einnig náminu. „Við erum að reyna að hjálpa fólki sem hefur enga drauma, enga stefnu og þurfa aðstoð við flest. Þarna koma börn sem hafa ekki efni á að kaupa sér fótboltaskó. Við gerum kröfur til þeirra með námsárangur en ekkert annað.“ Í myndinni stóð Diego Costa við hlið hans og sagði silkimjúkur: „Það skiptir nefnilega máli að búa til góða samfélagsþegna.“ Þess má geta að Costa greiðir allan kostnað við knattspyrnskólann.



LJÚFUR SEM LAMB UTAN VALLAR

Diego Costa er þekktur ólátabelgur. En þeir sem standa honum nærri segja að raunin sé önnur þegar hann fer úr takkaskónum og í borgaraleg fót. Þá sé hann hvers manns hugljúfi. Hjá Chelsea hefur hann safnað nokkrum spjöldum, bæði gulum og rauðum.

Eldborg, Hörpu

4. desember kl. 20:00

Jólatónleikar

BONEY M

með söngdívunni Liz Mitchell

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday

Rivers of Babylon

Mary's Boy Child

Rasputin

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

**Miðasala er hafin á fix.is, harpa.is
og í síma 528 5050.**

DÆGURFLUGAN



HARPA

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um stríðið endalausa.

Marga fýsir að vita hvað um þá verður sagt eftir dauðann. Ýmsar sögur hafa jafnvel verið sagðar affólki sem sviðsett hefur dauða sinn í því skyni að kanna viðbrögð eftirlifenda og mætinguna í útförina. Ekki er hægt að mæla með þeirri hegðun og ekki er gott ef niðurstaðan kemur óþægilega á óvart.

Árið 1888 lést sænski verkfræðingurinn Lúðvík Nóbél á ferðalagi í Frakklandi. Hann var umsvifamikill í olíuöndnaði og lagði raunar grunninn að olíuöndnaði Rússa í Bakú í Aserbaidsjan, sem framleiddi um tíma helming allrar olíu sem unnin var í veröldinni. Franskur blaðamaður hljóp hins vegar illilega á sig þegar hann flutti fregnir af andlátinu og sló Lúðvík saman við bróður hans, Alfred.

Alfred Nóbél var ekki síður vellíkur en bróðirinn. Hans auðlegð byggðist hins vegar á framleiðslu sprengiefnis og þá einkum dínamíti sem hann hlaut einkaleyfi á árið 1867. Sprengiefni kom vitaskuld að gagni við hvers kyns verklegar framkvæmdir, en það mátti einnig nota í öðrum tilgangi: til að skapa sífellt stærri og öflugri sprengjur. Franski blaðamaðurinn einblíndi á stríðspáttinn og kallaði Nóbél því „söllumann dauðans“ í minningargreininni.

Fréttin varð verulegt áfall fyrir Alfred Nóbél og það sem eftir var ævinnar kappkostaði hann að tryggja sér betri eftirmæli. Í því skyni setti hann á stofn gríðaröflugan verðlaunasjóð sem veita skyldi viðurkenningar fyrir uppgötvanir á sviði helstu raunvísindagreina en einnig fyrir bókmenntir og störf að friðarmálum.

Flest Nóbelsverðlaunanna eru veitt af sérstakri akademíu í Stokkhólmi. Friðarverðlaun Nóbels eru hins vegar á vegum norska stórbingsins. Þau verðlaun hafa í gegnum tíðina vakið hvað harðastar deilur. Ein ástæðan er sú að mörgum þykir dómnefndin tegja sig ansi langt í útnefningum sínum og fara þar á svig við stofnskrána sem setur mjög stíf skilyrði um að þeir einir komi til til greina sem verðlaunahafar sem beinlínis hafi unnið að afvopnun eða stuðlað að



Friður í uppnámi

friði í deilum ríkja eða þjóðernishópa.

Þannig heimilar stofnskráin ekki að verðlaunin séu veitt almennum mannréttinda- eða náttúruverndarsamtökum, hversu verðug sem þau kunna annars að vera. Á sama hátt má það teljast hæpin ráðstöfun að veita Obama Bandaríkjaforseta verðlaunin í blábyrjun embættistíðar hans, að því er virðist í hvatningaraskyni til að láta gott af sér leiða frekar en fyrir raunveruleg afrek.

Friðarverðlaunahafi ársins 2016 fellur þó vel að skilyrðum stofnandans. Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, hlaut þau fyrir þátt sinn í samkomulagi milli ríkisstjórnar sinnar og FARC-skæruliða. Því var ætlað að ljúka meira en hálfra aldar langri borgarastyrjöld í landinu sem kostað hefur meira en 200 þúsund mannlíf.

Alþýduhetja myrt

Þótt hefð sé fyrir að miða upphaf kólumbísku borgarastyrjaldarinnar við miðjan sjöunda áratuginn, liggja rætur hennar mun dýpra. Árið 1928 fóru verkamenn á bananaplantekrum United Fruit-audhringsins í verkfall. Bandaríkjastjórn leit á aðgerðir þeirra sem kommúniska valdaránstílaun og setti kólumbísku stjórnvöldum afar kosti: annað hvort myndu þau sjálf brjóta verkfallið á bak aftur eða bandarískir hermenn tækju það að sér. Stjórnin í Bogotá lét ekki segja sér það tvisvar. Herinn var látinn skjóta á verkfallsmenn og margir létu lífið.

Fjöldamorðin höfðu mikil áhrif á ungan lögfræðing, Jorge Gaitán að nafni. Gaitán var vaxandi stjórnmalamaður í Frjálslynda flokknum og varð hann á skömmum tíma helsti talsmaður smábænda og landlausra íbúa Kólumbíu sem misst höfðu jarðnaði sitt til stórbænda og erlendra landbúnaðarfrýrtækja.

Deilan um ræktarlandið varð stóra málið í kólumbísku stjórnámalum. Gaitán og hugsjónasystkini hans hófu baráttu fyrir endurskiptingu á ræktarlandi á kostnað landeigendaadalsins. Minnti baráttan í þessu efni um margt á öflugar populískar hreyfingar þessara ára í Rómönsku Ameríku, svo sem Perónista í Argentínu. Líkt og í tilvikum Peróns, byggðu vinsældir Gaitáns að verulegu leyti á ræðusnilld hans og persónuöftrum.

Gaitán var valinn forsetaefni Frjálslynda flokksins árið 1947 og var talinn eiga vísan sigur í kosningunum árið eftir. Áður en til þess kom var Gaitán skotinn til bana. Enginn veit nákvæmlega hvað morðingjanum gekk til, því áður en lögreglu gafst færi á að yfirheyra hann náði æstur múgur í ódæðismanninn og

drap hann með höggum og spörkum. Hafa atburðirnir upp frá því verið uppspretta endalausra tilgátna um hvað legið hafi að baki. Allt frá því að um verk sturlaðs einstaklings væri að ræða yfir í samsæriskennningar sem gera ráð fyrir aðild pólitískra andstæðinga, CIA, sovéskra stjórnvalda eða kólumbískra kommúnista. Þeir síðast nefndu litu á Gaitán sem sérstakan andstæðing sinn því hann hafnaði vopnaðri byltingu en talaði fyrir því að vinstri menn næðu völdum í kosningum.

Hver svo sem stóð á bak við morðið, létu afleiðingarnar ekki á sér standa. Við tók tíu ára tímabil sem kallað hefur verið „óöldin“ (La Violencia), þar sem vopnaðar fylkingar Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins börðust á banaspjót. Mannfall varð gríðarlegt á báða bóga og fræjum

öfbeldis var sáð til langrar framtíðar. Utan Kólumbíu hafði morðið á Gaitán ekki síður mikil áhrif, því það sannfærði marga íbúa Rómönsku Ameríku um að róttækum vinstri öflum yrði ekki leyft að komast til valda í kosningum. Þannig mun Kúbverjinn Fidel Kastró hafa sannfærst um nauðsyn vopnaðrar byltingar vegna morðsins.

Stríð og friður

Óöldinni lauk árið 1958, í það minnsta í bili. Þá náðu hinar stríðandi fylkingar saman um myndun þjóðstjórnar. Stjórnin var þó gjörspilt frá fyrsta degi, enda var límið í henni það eitt að báðir stjórnarflokkarnir gátu notað völdin til að maka krókinn og hjálpa flokksgæðingum að augðast.

Á sjöunda áratugnum freistaði ríkisstjórnin þess að umbylta landbúnaðinum og ýta undir stórfremleiðslubú með útflutning í huga.

Fjöldi smábænda var hrakinn frá býlum sínum og þeirra beið hlutskipti fátækra landbúnaðarverkamanna eða snauðra íbúa stórborganna. Með tímanum myndaðist jarðvegur fyrir nýja borgarastyrjöld, að þessu sinni milli hægrisinnaðrar valdastéttar og vopnaðra hreyfinga sem játuðu ýmsar undirteygndir kommúnisma. Í mörgum tilvikum voru skæruliðasveitirnar viðbragð við dauðasveitum sem ríkir landeigendur komu upp til að standa vörð um eignir sínar og berja niður óróa meðal verkafólks.

Sumar skæruliðahreyfingarnar höfðu stjórn á sínum eigin landsvæðum, ráku þar samfélög og skeyttu lítið um skipanir ríkisstjórnarinnar. Árið 1964 reyndi stjórnarherinn að uppræta eitt þessara óopinberu sjálfstjórnarsvæða með stórfelldri árás sem naut dyggjar aðstoðar bandarísku leyniþjónustunnar. Ekki tókst þó að ganga milli bols og höfuðs á skæruliðunum sem endurskipulögðu sig í kjölfarið og til varð FARC-hreyfingin.

Þótt FARC hafi í upphafi einungis talið fáeina tugi meðlima óx hún hratt. Tilraunir stjórnarhersins til að ráða niðurlögum skæruliðanna með loftárásum og stuðningi við dauðasveitir sem kostuðu fjölda óbreyttra borgara lífið voru einungis til þess fallnar að afla hreyfingunni nýrra liðsmanna. Skæruliðarnir, sem í fyrstu höfðu neitað að fjármagna sig með eiturflyfjasölu ákváðu að lokum að stökkva á kókainlestina, en Kólumbía hefur löngum séð Bandaríkjamönnum fyrir drjúgum hluta eiturflyfja sinna.

Á niunda áratugnum virtist ætla að rofa til í samskiptum skæruliða og stjórnarinnar. Komið var á vopnahléi árið 1984 og árið eftir stofnuðu FARC-liðar ásamt nokkrum öðrum hreyfingum róttækra vinstrimanna stjórnmalaflokk, Bandalag föðurlandsvina (Union Patriótica). Friðurinn var þó brothættur og ýmsir aðilar sem unnu að því að grafa undan honum.

Eftir að ríkisstjórnin barði með hörku niður allsherjarverkföll á árinu 1985 og lýsti yfir neyðarlögum tóku ýmsar skæruliðahreyfingar upp vopn sín á ný. FARC hélt þó tryggð við vopnahléið lengst allra, en eftir því sem frambjóðendur Union Patriótica týndu töluðu af völdum dauðasveita og eiturflyfjaringa fór þolinmæði þeirra þverrandi. Í október 1987 var forsetaframbjóðandi flokksins úr röðum FARC skotinn til bana af fjórtán ára morðingi á vegum Medelin-eiturflyfjaringa. Þar með var friðurinn endanlega úti og stríðið hófst á ný af endurnýjuðum krafti.

Næsta aldarfrýðunginn reyndu stjórnvöld árangurslaust að sigra skæruliða, bæði með beinum eigin hernaðaraðgerðum en ekki síður með lítt duldom stuðningi við dauðasveitir hægrimanna sem fóru um með morðum og eyðileggingu. Allt kom fyrir ekki og þegar komið var fram á árið 2011 höfðu FARC-liðar um þriðjung landsins á valdi sínu.

Á árinu 2012 sneri Manuel Santos forseti við blaðinu og hóf friðarviðræður við FARC. Slíkar viðræður höfðu ótal oft verið reyndar og jafnoft runnið út í sandinn, en Santos sagðist reiðubúinn að seilast lengra í von um að koma á lífvænlegum friði. Hann sigraði í forseta kosningum árið 2014 með minnsta mögulega mun (50,95% atkvæða) á grunni loforða um að ná friðarsamningum.

Sú stefna virtist ætla að bera árangur í júní á þessu ári, þegar samningar náðust sem gerðu ráð fyrir að FARC legði niður vopn og yrði viðurkenndur aðili í stjórnámalalífi landsins. Fyrir það samkomulag fær Santos friðarverðlaunin nú.

Illu heilli var samkomulagið fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu á dögum með örliðum mun. Athygli vekur að þau svæði sem orðið hafa mest fyrir barðinu á stríðinu studdu samkomulagið en íbúar friðsamari svæða felldu það. Því miður gefur staðan í landinu litla ástæðu til bjartsýni.

merking
....framleiðir

Smyrlabjörg

Nóntora

Höfnin

Umferðarmerki og skilti...
Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

FLUTNINGAPARTÍ

Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

13. - 20. OKTÓBER

25%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

Verlanirnar sameinast í nýrri og glæsilegri verslun í Smáralind í byrjun nóvember.

Núverandi verslun í Smáralind lokar 20. október og verslunin í Glæsibæ í byrjun nóvember.

*Gildir aðeins í verslunum Útilífs í Smáralind og Glæsibæ.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Sigríður Guðbergsdóttir
leikskólakennari,
Blómahæð 5, Garðabæ,

Lést á líknardeildinni í Kópavogi sunnudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Víðalinskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 20. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknardeildina í Kópavogi.

Simon Kristjánsson
Kristján Símonarson **Guðrjúður Helga Þorsteinsd.**
Guðbjörg Huld Símonard. **Rafn Einarsson**
Birgitta og Dagbjört Kristjánsdætur



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður minnar, dóttur, systur og mágkonu,
Svanlaugar Ingvadóttir

Karen Líf Brynjarsdóttir
Arnrún Antonsdóttir, Ingvi Þór Sigfússon
Anton L. Ingvason, Guðrún Lilja Lýðsdóttir
Þórður G. Ingvason, Hrönn Brandsdóttir



Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,

Helgi Sigurður Haraldsson
Sléttuvegi 19, Reykjavík

Lést þann 11. október sl. á Hrafnistu, Reykjavík.

Guðlaug Halldóra Guðmundsdóttir
Signý Halla Helgadóttir **Hjörtur H. R. Hjartarson**
Vilberg Grimur Helgason **Kristjana Guðlaugsdóttir**
Ásta Sigrún Helgadóttir **Þorsteinn Einarsson**
börn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Rafn Ingólfur Jensson

verkfræðingur,
Sunnufliót 37, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 19. október klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á minningarsjóði Landspítalans.

Auður Rafnsdóttir **Peder Langelund Pedersen**
Herdís Björg Rafnsdóttir **Þorsteinn G. Gunnarsson**
Vala Dögg, Louisa, Mikkel Andri,
Rafn Viðar og Gunnar Smári



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaðir og afa,

Halldórs Ejner Malmberg
áður Otrateig 6.

Sigríður O. Malmberg
Anna María Malmberg
Oddur Malmberg **Susan Gollifer**
Halldór Björn, Oddur Máni, Herta Sól og Marina Embla



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Erla Eyrún Eiríksdóttir
lést að hjúkrunarheimilinu Skjöldi 10. október.

Ásta Sif Erlingsdóttir **Gunnar Steinn Jónsson**
Valdimar Erlingsson **Unnur Þórðardóttir**
Viðar Erlingsson **Maria Magnúsdóttir**
Erling. R. Erlingsson **Þóra R. Stefánsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar,

Kára Einarssonar
frá Kaldrananesi í Mýrdal.

Sérstakar þakkir fá þeir aðilar er stóðu að útförinni en helsta má nefna Sigurð Jónsson, sóknarprest í Áskirkju, Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoða og Harald M. Kristjánsson, sóknarprest í Vík.

Sólveig Klara og Ragnhildur Þóra Káradætur



Alúðarþakkir fyrir stuðning, virðingu og kærleika, sem við höfum notið vegna andláts

Ragnheiðar Guðjónsdóttur
flugstjóra,
Lækjasmára 6, Kópavogi.

Orð ykkar, kveðjur, nálægð og umhyggja hafa gefið okkur styrk og von. Verið öll umvafin ljósi og kærleika Guðs.

Alexander Berg Ragnheiðarson
Sigríður Valdimarsdóttir og Guðjón Ólafsson



Ástkær faðir minn og afi,
Ragnar Árnason
mælingaverkfræðingur,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 12. október. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 20. október kl. 11.00.

Guðný Ragnarsdóttir
Ragnar Árni Ólafsson

Krýsuvík fagnar í dag


Meðferðarheimilið Krýsuvík fagnar 30 ára afmæli Krýsuvíkursamtakanna í dag og býður hollvinum og gestum í kaffiboð.

Það voru „postularnir tólf“ sem stofnuðu Krýsuvíkursamtökin fyrir 30 árum, hópur af áhugafólki sem hafði allt reynslu af alkóhólisma, sumir sem alkar, aðrir sem aðstandendur,“ segir Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor emerita. Hún er ein stofnendanna, var þar lengi í forystu og starfar nú sem handleiðari starfsfólks á meðferðarheimilinu í Krýsuvík.

Húsið í Krýsuvík er stórt og var í niðurníðslu þegar samtökin tóku við því af ríkinu fyrir 30 árum. Óx félagsmönnum það ekkert í augum?

„Jú, jú. Húsið var búið að standa autt í tvo áratugi, þar var búið að brjóta allar rúður og stela öllu steini létta. Það var bákn úti í eyðimörk. Við ákváðum að loka því svo það héldi ekki áfram að skemmast og taka það svo í notkun smátt og smátt.“

Í Krýsuvík innritar fólk sig til sex mánaða dvalar. Hinn langi meðferðartími er meðal þeirra þátta sem Sigurlína segir skila góðum árangri, enda sé stíf sporavinna allan tímann. „Við notum AA-sporin. Ég er alltaf jafn hissa hversu fáar meðferðarstofnanir nýta það kerfi, það er svo flott meðferðartæki,“ segir



Sigurlína styður við starfseminu í Krýsuvík með vikulegri heimsókn, ræðir við ráðgjafana og útbýr efni í hendur þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Húsið var búið að standa autt í tvo áratugi, þar var búið að brjóta allar rúður og stela öllu steini létta.

hún.

Auk kaffiboðsins sem Krýsuvíkursamtökin efna til dag milli 14 og 17 hafa þau gefið út afmælisritið Krýsu handa hollvinum. „Það er fólk sem styrkir okkur einu sinni í mánuði og oft hafa framlög þeirra komið sér meira en vel,“ segir Sigurlína. gun@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ingimundur Jón Einarsson

húsasmiður,
Blikahólum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut priðjudaginn 11. október sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 20. október kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjartavernd.

Alfa Kolbrún Þorsteinsdóttir
Jóhann Örn Ingimundarson **Agla Sigríður Björnsdóttir**
Svava Eyrún Ingimundard. **Jónas Mikael Pétursson**
Jón Ingi Ingimundarson **Soffía H. Weissappel**
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilega þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Magnúsinu Sigurðardóttur

Vogartungu 89,
Kópavogi.

Starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi færur við þakki fyrir góða umönnun og elskulegheit við hana.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson **Helgi Valgeirsson**
Klara Sveinbjörnsdóttir **Guðm. Baldursson**
Sigríður Sveinbjörnsdóttir **Kim Brigit Sorning** **Elsa K. Helgadóttir**
Lára G. Vilhjálmssdóttir **Anton Sigurðsson**
Þór Vilhjálmsson **barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**
Hjördís Vilhjálmssdóttir

Mærgættu, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**

www.usr.is
isleifur@usr.is

2 MARAÐON
NOW

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA

Stöð 2 Maraðon NOW er ný streymisveita fyrir
snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*

2.990 KR. Á MÁNUÐI

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG DAGAR FRÍTT

2now.is |

365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- 1 Andlaust hjál um Skota mætir engri andstöðu (13)
- 10 Heilt bandaríki undir einn afmyndaðan kanarass? (8)
- 11 Ég og fiskarnir sem veida skal, það er málið (13)
- 12 Lægðirnar og peningarnir að utan (8)
- 13 Litaði köflóttar mussur með blóði (13)
- 16 Tókum á þessum skepnum (6)
- 18 Siskakkur sjóari tignar Haile Selassie (9)
- 19 Held ég máli þessa gaura með rokgjörnu snyrtidóti (10)
- 20 Fínum fjársjóð ríka karlsins (11)
- 26 Broddstafur sló hann út, sagði sá vakandi (7)
- 27 Allrahanda sætabrauð með kanil (9)
- 31 Huslar leifar ákveðni hjálparlaust (8)
- 32 Vísur eru sungnar um þennan þokkapilt (5)
- 33 Slá burt! Svo verðurðu bara á sveimi (7)
- 34 Vefnaðarvörusíndin standa við sínar kenningar (10)
- 35 Ætli ég skeri ekki serki vegna flakks (5)
- 37 Hreyfing hjamsins skýrir jakaburðinn (9)
- 38 Glæpur gegn reglum um stefnubreytingu ljóss (10)
- 41 Steinrunnið geðrof í því fasta skrefi (12)
- 42 Hitti náunga með rétta hugarfarið og mildina (9)
- 43 Set spilið í kvörnina (7)
- 44 Rugla einhenta AA-merðina í ríminu (9)
- 45 Sé grilla í höfuðföt (5)

LÓDRÉTT

- 1 Bæð þunga að fara með fullkominni gát (9)
- 2 Pálminn sá ber sætan ávöxt (9)
- 3 Reif kjaft og annan, enda gapuxar í röðum (10)
- 4 Falsa kvittun (5)
- 5 Steinunn S olli uppnámi Steina (9)
- 6 Ekki vantar skítinn frá þessum sauði (10)
- 7 Kostar sitt að kenna greiðslu heila önn (10)
- 8 Skynja tákni um árangur í ruðningi (10)
- 9 Voðaleg gaulin í bjögudum söngnum (6)
- 14 Skoðar vel hve horað það er (6)
- 15 Ljóðahópur yrkir um ákveðið höfuðból (6)
- 17 Á við hvort tveggja frjálsa og fráma (10)
- 21 Innan við buxur og blússu má búast við þessu (12)
- 22 Hvarf í hulu hörmunga vegna hamfara (12)
- 23 Til Grænlands með letingjum frá Alaska og nágrenni (12)
- 24 Skósvæinn Fróða ákveður spjall (8)
- 25 Þetta suð hefur skemmt skemmt húsið (9)
- 27 Áma smámenna í stjórnsýslunni (11)
- 28 Setjum aukagír í kassann, þá næst riflegur hraði (11)
- 29 Dr. Öguð ruglast fyrir morgunmat (6)
- 30 Fratið er að þið haldið aftur af ruglinu (6)
- 36 Út af fyrir sig má mála alsvarta mynd af þessu (7)
- 39 O, gildir einu hvað Bin Laden segir (5)
- 40 Alltaf bundið og allra barna brjáladaðast (5)



Lausnarorð síðustu viku var
SAMLOKURGRILL



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Íslensk ofurfæða** eftir **Áslaugu Snorradóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna Þórunn Axelsdóttir**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist merkileg skepna sem mannskepnan stefnir í stórhættu (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. október“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

SPRENGISANDUR Á BYLGJUNNI

KRAFTMIKIL UMRÆÐA UM PÓLÍTÍKINA OG LANDSMÁLIN MEÐ KRISTJÁNI KRISTJÁNSSYNI

SUNNUDAGA MILLI KL. 10:00 - 12:00

HLUSTADU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

SIÓNVARP BYLGJAN BYLGJUAPPID ÚTVARP



Þrautir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Nákvæmar sagnir

Öllum er kunnugt að Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson eru meðal sterkustu para landsins, bæði í sveitakeppni og tvímenningi. Þeir félagar gerðu sér lítið fyrir og unnu tvímenning Northern Bridge Festival á Siglufirði með nokkrum yfirburðum, 59,8% skori sem var meira en 2% hærra skor en annað sætið fékk. Sveit þeirra félaga, Kvika, var í forystu eftir fyrstu 3 umferðirnar í aðalsveitakeppni Bridgefélags Reykjavíkur. Þegar þessi orð eru skrifuð er hún í öðru sæti með 90 stig, einu stigi minna en sveit JE Skjanna, núverandi Íslandsmeistara, eftir 6 umferðir. Á fyrsta kvöldinu í keppninni voru þeir einu sem náðu í þessu spili, með mikilli sagnnákvæmni, rétttri slemmu í AV. Spilið kom fyrir í fyrstu umferð keppinnar, norður gjafari og NS á hættu:

Norður

- ♠ 106
- ♥ 652
- ♦ 106543
- ♣ D87

Vestur

- ♠ ÁK84
- ♥ ÁKDG3
- ♦ 87
- ♣ 104

Austur

- ♠ D92
- ♥ 74
- ♦ D
- ♣ ÁKG9653

Suður

- ♠ G753
- ♥ 1098
- ♦ ÁKG92
- ♣ 2

Eftir pass frá norðri opnaði Sigurbjörn á 2 ♣ í austur – precision-kerfi. Jón Baldursson spurði með 2 ♦ sögn og Sigurbjörn sagði 2 ♠ sem sýndi 3-4 ♠. Jón spurði aftur með 2 gröndum og Sigurbjörn sagði 3 ♣ til að sýna lengd í laufflitnum. Jón spurði frekar með 3 ♦ og Sigurbjörn sagði 3 ♥ sem sýndi stuttan tígul og neitaði 4 ♠. Jón var með svarhöndina og vissi skiptinguna í austur upp á há. Opnarinn gat ekki verið með 3 ♥ því þá hefði hann sagt 2 ♥ við 2 ♦. Skiptingin var örugglega 3217. Þar sem opnunin var ekki 3 grönd – vissi Jón að það var gat í laufflitnum (Sharif sagnvenja). Jón valdi 6 ♥ – og var sá eini í salnum sem valdi þann lokasamning. Nokkrir reyndu 6 ♣ en fóru flestir niður þegar þeir tóku 2 hæstu í litnum. Hjartaslemman þóldi 4-2 legu og var því mjög góð.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Keres átti leik gegn Szabo í Búdapest árið 1955.

1. Hxg7!! Kxg7 2. Df6+ Kg8 (2... Kf8 3. Bg6 He7 4. Dh8#) 3. Dxb6 1-0. Svartur á enga vörn gegn hótuninni **4. Bh7+ Kh8 5. Bg6+ Kg8 6. Dh7+.** Úrslit Hraðskák-keppni taflléлага fara fram á Sólon í dag kl. 14. Flestir sterkustu skákmennt landsins.
www.skak.is: Allt um Haustmót TR.

Sudoku

LÉTT

			2		6	4	8	
	4			1	3	5		6
					7	1	2	
4	1			8		9		5
		3	5					
8	9		6		1			
	3	8	1				6	
9	2							
			3	8	2			

MÍÐLUNGS

4								6
		9	2	1				
1		8	3		6		5	9
6	5			7			8	
			9	3	4			
			3	1				
	7							2
2		4					9	
			5			4	1	

PUNG

		5	6			9			1
			1			4			7
					1		7	3	2
			4	2				8	
		6	3		5				1
									7
		1		6	8				
			2		4		3	6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

2	5	6	3	9	7	8	4	1		2	9	5	8	4	6	7	3	1		3	4	5	9	8	6	7	1	2
8	4	3	6	1	5	2	9	7		3	4	1	7	5	2	8	9	6		1	2	9	3	7	4	6	8	5
7	9	1	8	2	4	3	5	6		6	7	8	9	1	3	2	4	5		6	7	8	1	5	2	4	3	9
4	2	7	9	5	1	6	8	3		7	5	9	2	3	4	6	1	8		5	3	2	6	9	7	8	4	1
3	6	5	7	4	8	9	1	2		4	6	3	5	8	1	9	2	7		4	1	6	2	3	8	9	5	7
9	1	8	2	3	6	4	7	5		8	1	2	6	7	9	4	5	3		8	9	7	4	1	5	3	2	6
5	7	9	4	6	3	1	2	8		9	2	7	1	6	5	3	8	4		7	5	4	8	2	9	1	6	3
6	8	2	1	7	9	5	3	4		1	8	4	3	9	7	5	6	2		9	8	1	5	6	3	2	7	4
1	3	4	5	8	2	7	6	9		5	3	6	4	2	8	1	7	9		2	6	3	7	4	1	5	9	8


LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

HALLGRÍMSKIRKJA 1986-2016

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TILEFNI AF 30 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI HALLGRÍMSKIRKJU




LAUGARDAGINN 29. OKTÓBER KL. 19 & SUNNUDAGINN 30. OKTÓBER KL. 17



M. A. CHARPENTIER: MARCHE DE TRIOMPHE ET SECOND AIR DE TROMPETTES H 547

J.S. BACH: MISSA Í F-DÚR, "LÚTHERSK MESSA" BWV 233

M. A. CHARPENTIER: TE DEUM H 146



FLYTJENDUR:

Mótettukór Hallgrímskirkju

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósopran


Oddur A. Jónsson bassi

Auður Guðjohnsen alt

Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran

Guðmundur Vignir Karlsson tenór

Stjórnandi: Hörður Áskelsson



***** „Mikill er máttur tónlistarinnar. Tónlistarlífið í Hallgrímskirkju stendur sannarlega í blóma“. „Algerlega dásamlegir tónleikar með hrifandi söng og glæsilegum hljóðfæraleik“. (Salómon eftir Händel, Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin). J.S. Fbl.18.8. 2015

Hátíðlegur lúðrabýtur og pákuslög ásamt glæsilegum söng og hljóðfærslætti fylla hvelvingar Hallgrímskirkju þegar Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) flytja glæsileg hátíðarverk í tilefni af 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju, en kirkjan var vígð 26. október 1986. Einsöngvararnir hafa allir tengst listastarfi Hallgrímskirkju um árabíl og eru þrír þeirra m.a. meðlimir í Schola cantorum.

Upphafsstef forleiksins að Te Deum eftir franska barokkmeistarann M.A. Charpentier er hin heimsþekktá tónlist sem allir þekkja sem kynningarstef í útsendingum Eurovision. Lofsöngurinn (Te Deum) er hrifandi verk, dæmigert fyrir tónlist barokktímans, þar sem kór og einsöngvarar skiptast á að flytja textann við fjölbreyttan hljómsveitarundirleik, þar sem ólíkir litir blásturshljóðfæra, trompetta, óbóa og hinna viðkvæmu blokkflauta

undirstrika stemningar lofsöngsins.

Messa í F-dúr er heillandi meistaraverk sem J.S. Bach byggði á völdum köflum úr öðrum verkum sínum og skiptast þar á glæsilegir kórar og gullfallegar aríur. Verkið er ein af fjórum svokölluðum lúterskum messum sem Bach setti saman í kringum 1740. Fullyrða má að þær séu meðal minnst þekktu meistarasmíða hins fullprosa Bachs og hefur F-dúr messan til að mynda aldrei áður hljómað á tónleikum á Íslandi.

Upphafsverkið á tónleikunum, Marche de triomphe (Sigurmars) eftir Charpentier, kemur öllum í hátíðarskap.


Það verður því sannkölluð hátíðarstemning í Hallgrímskirkju um kosningahelgina!

Konráð og félagar á ferð og flugi 221

Bragi Halldórsson

„Jæja félagar,” sagði Kata. „Þið eruð svo góðir í stærðfræði er það ekki?” sagði hún háðsk. „Þrautin er þessi,” sagði hún og ræskti sig. „Raðið þessum 6 tölum inn í hringina svo að samanlagðar tölurnar á hverri hlið séu allar eins.“ Hún glotti enda viss um að hún gæti þetta. En svo sá hún smá lettrið neðst. „Tölurnar geta verið fjórar, 9, 10, 11 eða 12.“ Nú var hún ekki lengur eins viss um að hún gæti þetta. Róbert var alveg viss um að hann gæti þetta ekki en Konráð beið ekki boðanna heldur byrjaði að raða tölunum inn í hringina.

Getur þú leyst þessa þraut og fundið allar fjórar tölurnar?



Leikurinn

Ekki brosa eða hlæja

Þegar regnið lemur á rúðunum og ekki er hundi út sigandi getur verið gott að kunna einhverja góða innileiki. Hér kemur einn.

Allir þátttakendur standa í einni röð nema einn.

Hann stillir sér upp framan við hina og gerir þar ýmsar grettur,

fettur og Brettur til að reyna að fá þá til að brosa eða hlæja.

Allir fylgjast með honum og sá sem fyrst brosir eða hlær á að verða stjórnandi næst. Þá er komið að honum að gretta sig sem best hann getur.



„Þegar samlesturinn byrjaði og æfingarnar þá breyttist allt mjög mikið til batnaðar,” segir Óli Gunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Gerðum það sem okkur datt í hug

Skólapipturinn **Óli Gunnar Gunnarsson** er á æfingu í Gaflaraleikhúsinu. Hann er 17 ára og skrifaði leikritið sjálfur, ásamt Arnóri Björnsyni. Það heitir **Stefán Rís**. Höfundarnir leika báðir ásamt fleirum.

„Þetta er leikrit með söngleikjaívafi. Við Arnór Björnsson, vinur minn, skrifuðum það saman. Það byrjaði sem leikrit og svo gerðum við bara það sem okkur datt í hug. – Hey, það væri geggjað að hafa söngatriði þarna – og settum það inn. Þannig þróaðist þetta,” segir Óli Gunnar Gunnarsson. Þetta er annað leikritið sem þeir félagar semja. Hitt heitir **Unglingurinn** og það varð mjög vinsælt.

Óli Gunnar segir samt að þeir Arnór eigi ekki heildurinn einir að þessu nýja leikriti, enda taki fjórtán leikreyndir snillingar þátt

í því. „Það var sumarvinnan okkar Arnórs að semja leikritið, síðan þegar samlesturinn byrjaði og æfingarnar þá breyttist það mjög mikið til batnaðar.“

Móðir Óla Gunnars, Björk Jakobsdóttir er leikstjórinn. „Hún er eins og hver annar leikstjóri nema ég get ekki baktalað hana þegar ég kem heim,” segir hann í gríni og hrósar svo mömmu sinni fyrir að vera frábær leikstjóri.

En leika þeir félagar aðalhlutverkin í Stefán Rís? „Nei. Þetta er frekar flókið því sagan byrjar

á okkur þar sem við erum rithöfundar að skrifa leikrit. En í leikritinu okkar er svo aðalhlutverk. Áhorfandinn fær aðeins víðara sjónarhorn þannig, hann kemst að því hvað við vorum að pæla þegar við vorum að skrifa handritið.

Óli Gunnar segir Stefán Rís gamanleik fyrir alla fjölskylduna, þar með talda unglunga. „Oft eru leikrit skrifuð fyrir börn og þá fara fullorðnir með þeim en við fókuserum líka á unglunga. Við viljum fá ungmennin í landinu í leikhús.“

Sykursýki – andlega hliðin



Fræðslufundur Samtaka sykursjúkra

Í Setrinu á Grand Hótel við Sigtún

Þriðjudaginn 18. október kl.20

Eiríkur Örn Arnarson, sálfræðingur, ræðir um áhrif þess að vera með langvinnan sjúkdóm eins og sykursýki á andlega líðan.

Umræður og fyrirspurnir
Kaffiveitingar

ALLIR VELKOMNIR

Listaverkið

Þessi mynd er eftir hana
Kötlunni Hlíf Eypórsdóttur



MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

VILTU EFLA STARFSHÆFNI ÞÍNA EÐA
STYRKJA EIGIN ATVINNUREKSTUR?



VERÐ: 84.000 KR.

NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 25. OKTÓBER

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM NTV OG MÍMIS ER YFIRGRIPSMIKIÐ OG HAGNÝTT NÁM. TILVALIÐ FYRIR ÞÁ SEM VILJA STYRKJA SIG Í STARFI Á ÞESSU SVIÐI, FYRIR FRUMKVÖÐLA OG ÞÁ SEM STEFNA Á EIGIN ATVINNUREKSTUR. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT AF FRÆÐSLUSJÓÐI ATVINNULÍFSINS OG ER HUGSAÐ FYRIR ÞÁ SEM HAFNA STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánun samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.


www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu-og
viðskiptaskólinn

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag er útlit fyrir hæga austlæga eða breytilega átt. Skýjað eða skýjað með köflum sunnan- og vestantil og úrkomulítið, en lengst af þurr og bjart veður fyrir norðan. Bætur í vind suðaustanlands annan kvöld. Hiti 4 til 10 stig að deginum.

Heimurinn



Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík	
06.33	12.25
3,82m	0,24m
06.45	12.40
3,87m	0,21m

Akureyri	
10.57	04.37
1,44m	0,29m
11.08	05.09
1,41m	0,28m

Ísafjörður	
08.34	02.47
2,12m	0,24m
08.36	03.02
2,17m	0,21m

Tunglstaða



Vaxandi
97%

Sólarupprás:

08.18

Sólarlag:

18.05

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
7° ↘ 5	9° ↘ 6	8° ↗ 4	9° ↑ 13	10° ↘ 19

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ↘ 2	5° ↘ 3	4° ↗ 6	7° ↑ 19	8° ↑ 15

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ↘ 4	7° ↘ 4	6° ↗ 4	7° ↑ 11	9° ↑ 15

Egilsstaðir


Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ↘ 4	7° ↘ 4	7° ↘ 6	7° ↑ 6	8° ↑ 14

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↘ 5	8° ↘ 5	7° ↘ 10	5° ↘ 5	9° ↘ 9

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft



Hera Björk
Sönnur af jólum

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju

26. nóvember kl. 20.00

*Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Friðrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar*

Midasala á midi.is



Breiðhyltsk dystopia

BÆKUR

Nýja Breiðholt

★★★★★

Kristján Atli Ragnarsson

Útgefandi: Draumsýn

Kápa: Kristinn Geir Pálsson

Bls: 270

Prent: Prentmiðlun/Pólland

Spurnir berast af yfirvofandi efnavopnaárs á Reykjavík. Þeir sem eru í efri lögum samfélagsins flýja land í ofbodi á nokkrum dögum og eftir situr fólk sem ekki hafði efni á að flýja eða var of seint.

Með árásinni þurrkast út öll samskipti við útlönd, enginn innflutningur á sér stað og þeir sem eftir sitja verða að læra að bjarga sér eftir því sem best þeir geta í nýjum heimi

þar sem allir innviðir samfélagsins hafa þurrkast út og lögmál náttúrunnar, eða götunnar, gilda. Sagan Nýja Breiðholt gerist þrjátíu árum eftir að þessir atburðir eiga sér stað og á höfuðborgarsvæðinu er töluvert öðruvísi umhorfs en við eigum að venjast. Smáralindin er enn verslunarstaður en þar fara nú fram vöruskipti þar sem ekkert fjármálakerfi er til staðar.

Höfuðborgarsvæðinu er skipt upp í yfirráðasvæði glæpagengja sem stjórná af miskunnarleysi. Í þessari dystopíu býr þó enn þá fólk sem þykir vænt hvoru um annað og þegar dóttur Núma er rænt af þekktum raðmorðingja svífst hann einskis til að reyna að bjarga henni.

Bókin er að mörgu leyti vel skrifuð. Dregin er upp áhugaverð mynd

» **ÞAÐ ER ÞÓ ÝMISLEGT SEM EKKI GENGUR UPP ENDA EKKI AUÐVELT AÐ HALDA UM ALLA ÞRÆÐI Í TILBÚNUM HEIMI SEM BYGGIR Á ÁKVEÐNUM FORSENDUM.**

af höfuðborgarsvæðinu þar sem fólk gengur flestallra sinna ferða og þar sem verðmætin eru lítið slitin úlpa eða ónotað þar af leðurhönsum. Söguþráðurinn er einnig spennandi og heldur við efnið og gæti vel virkað sem kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð.

Það er þó ýmislegt sem ekki gengur upp enda ekki auðvelt að

halda um alla þræði í tilbúnum heimi sem byggir á ákveðnum forsendum. Þannig eru börn til dæmis nestuð með ávexti í plastskál þrjátíu árum eftir að öll samskipti við útlönd leggjast niður og fólk á bæði krem, kaffi og kerti þó ekkert af þessum lífsins lystisemdum standist þrjátíu ára tímatönn.

Það kemur reyndar hvergi fram hvernig Akureyri eða Egilsstöðum reidur af í þessari árás á miðborgina sem að öllum



Það er margt sem verður aldrei mælt með reglustiku

Sigtryggur Bjarni Baldursson opnar sýningu í Hverfisgalleríi í dag. Viðfangsefnið sækir hann í skuggaveröld mýrlendisins sem er mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



ÞEIR VORU AÐ UPPGÖTVA HVAÐ ÞAÐ VAR AÐ VERA ÍSLENDINGUR OG HJÁLPA OKKUR SEM ÞJÓÐ VIÐ AÐ SKAPA OKKAR EIGIN SJÁLFSMYND.

Ég hef lengi fengist við eitt afmarkað náttúrufrýrbrigði í einu,“ segir Sigtryggur Bjarni Baldursson myndlistarmaður sem í dag opnar sýningu í Hverfisgalleríi undir yfirskriftinni Mýrarskuggar. „Ég hef átt við straumvötn, vatnsfleti, gróður og svona hitt og þetta. En að þessu sinni er það þetta afmarkaða fyrirbrigði mýrarskuggar, en það er skuggaspilið sem má finna í votlendi landsins. Þetta er stórmerkilegur og frekar óuppgötvadur fjársjóður forma og dulúðar, í mýrunum sem eru nú að fá uppreisn æru sem mikilvægir bjargvættir mannkyns. Eða að minnsta kosti bjargvættir Íslendinga í sambandi við kolefnisjöfnun.“

Umhverfið og málverkið

Sigtryggur Bjarni segir að það sé skemmtilegt að finna svona fyrirbrigði sem hefur ekki verið gert skil í málverki og eiga að auki skýrt erindi inn í umræðuna um framtíð heimsins. „Vitund manna um hvert stefnir í umhverfismálum er sífellt vaxandi og þessi hugsun er farin að smygla sér inn í málverkin hjá mér. Verkin mín voru reyndar farin að færast sífellt í átt sem einhverjir myndu flokka sem náttúruromantik en það er í þessum nýju verkum ákveðinn þungi. Í litaspilinu má skynja alvöruna í þessum málum og að það er ákveðin ástæða fyrir að ég er að takast á við þetta viðfangsefni.“

Eins og Sigtryggur Bjarni bendir á þá máluðu frumherjar íslenskrar myndlistar náttúruna á ákveðnum forsendum. „Þeir máluðu landslagsverk til þess að efla með okkur þjóðernisvitund og aðgreina okkur frá hinni flötu Danmörku. Þeir voru að uppgötva hvað það var að vera Íslendingur og hjálpa okkur sem þjóð við að skapa okkar eigin sjálfsmynd.“

Í dag er allt önnur ástæða fyrir því að mála náttúruna en það er ekki minna brýnt. Það er kannski ennþá pólitískt, en við skulum vona að það sé minna þjóðernislegt, vegna þess að þetta hefur ekkert að gera með okkur sem Íslendinga sérstaklega heldur mannkynið. Þó að ég leiti þarna reyndar í jarðarblett sem ég á sjálfur norður í landi þá er hann meira eins og samnefari fyrir það sem er ósnortið og fyrir það sem við þurfum að passa.

Gvasslitir Karls Kvaran

Mér finnst það sem ég get gert vera að gera þessu sem best skil í málverkum og við þurfum að sinna þessu í ljósmyndum, ljóðum og tónlist og öllu því. Setja þessa skynjun listamannsins inn í þessa umræðu um allt rask og allt umhverfismat

Er vilji til breytinga?

Málping
Hótel Natura
Þriðjudaginn
18. október
13:30-15:30

Er raunverulegur vilji hjá stjórnmalaflokkum að bæta þjónustu við veika einstaklinga og aldraða?

Málping á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Dagskrá:

13:30-13:40

Setning málþings

Björn Bjarki Þorsteinsson, varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og framkvæmdastjóri Brákarhlíðar

13:40-13:55

Umhverfi og staða fyrirtækja í velferðarþjónustu

Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13:55-14:25

Stutt erindi frá stjórnmalaflokkum

Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokkur
Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn
Sigrún Gunnarsdóttir, Björt framtíð
Óli Björn Kárason, Sjálfstæðisflokkur
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingu
Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri græn
Jón Þór Ólafsson, Pírötum

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.

Fundarstjóri: Sigmar Guðmundsson, fjölmiðlamaður



Björn Bjarki Þorsteinsson



Pétur Magnússon



Eygló Harðardóttir



Hanna Katrín Friðriksson



Sigrún Gunnarsdóttir



Óli Björn Kárason



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir



Steinunn Þóra Árnadóttir



Jón Þór Ólafsson



Sigmar Guðmundsson

Allir velkomnir,
aðgangur ókeypis



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Málþingi verður haldið á Hótel Natura (áður Hótel Loftleiðir)
Þingsal 2, þriðjudaginn 18. október kl. 13:30-15:30

líkindum þurrkaði út Reykjavíkurflugvöll svo kannski sjá þessi svæði Breiðhyltingum fyrir munadurvarningi af þessum toga með landpóstinum. En saga er saga og alls ekki víst að allir lesendur láti svona atriði standa í vegi fyrir sér.

Staða kvenna í þessum heimi er fyrirsjáanleg. Eins og í næstum öllum glæpasögum eru þær vettvangur glæpa, konum er rænt, nauðgað og þær myrtar til að knýja söguþráðinn áfram með hefndarþorsta þeirra sem eiga þær, hvort sem það eru feður, eiginmenn eða aðrir fjölskyldumeðlimir.

